

*Gledilega hátíð*

Í dag eru 75 ár liðin frá stofnun íslenska lýðveldisins og verður þeim tímamótum fagnað með margvíslegum hætti um allt land. Þessi leikskólabörn á Laufásborg tóku smá forskot á sæluna á dögnum og æfðu fánaburðinn. Besta hátíðarveðrið fá íbúar á Suðvesturlandi samkvæmt veðurspám en á Norðurlandi er spáð rigningu seinnipart dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Alþingi fær 140 þúsund undirskriftir

Tæplega 140 þúsund Evrópubúar hafa skrifað undir áskorun til íslenskra, norskra, skoskra og írskra stjórnvalda um að laxeldi í opnum sjókvíum verði hætt. Frumvarp um fiskeldi er nú til umfjöllunar á Alþingi. Framsögumaður málsins skilur áhyggjur fólks.

FISKELDI „Þessa dagana fylgjast náttúruverndarsinnar um alla Evrópu með því hvað er að gerast á íslenska þinginu. Þetta er fólk sem er umhugað um brothætt vistkerfi heimsins og það kallar eftir því að útgáfa leyfa fyrir laxeldi í opnum sjókvíum verði hætt og þau leyfi sem þegar hafa verið gefin út verði afnumin í áföngum,“ segir Ryan Gell-

ert, framkvæmdastjóri hjá bandaríska útivistarvöruframléiðand-anum Patagonia.

Nú hafa tæplega 140 þúsund manns víðs vegar úr Evrópu skrifað undir áskorun um að laxeldi í opnum sjókvíum verði hætt við Ísland, Noreg, Skotland og Írland. Auk Patagonia standa NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna, og sam-

bærileg samtök í Noregi, Skotlandi og Írlandi að baki undirskriftasöfnuninni. Til stendur að afhenda Alþingi undirskriftirnar áður en atkvæði verða greidd um frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingar á lögum um fiskeldi.

Annarri umræðu um frumvarpið var frestað á fimmtudag en var engu

að síður rætt á tveimur fundum atvinnuveganefndar á föstudag.

„Ég skil vel áhyggjur fólks og skynja að þær eru víðtækar. Einnmitt þess vegna höfum við í vinnu nefndarinnar fyrst og fremst lagt áherslu á umhverfisþætti. Við viljum herða sem best allar skrúfur hvað það varðar og hvetja sem mest til umhverfisvænni framleiðslu,“ segir

Kolbeinn Óttarsson Proppé, framsögumaður meirihluta nefndarinnar í málinu.

Kolbeinn segir nefndina hafa sett fram þá sýn að eldi á frjóum laxi verði ekki stundað í opnum kvíum. „Það er þangað sem við eigum að stefna. Það þarf að horfa til þess að uppbyggingin verði í skrefum þar sem allra þessara þátta er gætt.“ - sar

Ísland á leiðinni á Evrópumótið

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta var í hátíðarskapi þegar liðið fékk Tyrkland í heimsókn í Laugardalshöllina í lokaumferð í undankeppni EM 2020 í gær. Lokatölur í leiknum urðu 32-22 Íslandi í vil en sá sigur gulltryggði farseðil íslenska liðsins í lokakeppni Evrópumótsins.

Þetta verður í 11. skiptið í röð sem Ísland verður á meðal þátttökubjóða á Evrópumótinu. Viktor Gísli Hallgrímsson stóð sig vel í markinu hjá Íslandi og Bjarki Már Elisson lék á als oddi í seinni hálfleik.

Mótið verður haldið í Austurríki, Noregi og Svíþjóð í janúar á næsta ári. Sjá umfjöllun um leikinn á sportsíðu blaðsins 14. - hó

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKOÐUN Lilja Alfreðsdóttir skrifar um 75 ára afmæli lýðveldisins. **10**

SPORT Vinnur hjá stærsta liði Norðurlandanna. **12**

MENNING Ingibjörg Elsa Turchi hlaut viðurkenningu úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara. **21**

LÍFIÐ Meirihluti borgarstjórnar fagnar eins árs afmæli. **26**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**HÆ HÓ OG JIBBÍ JEI
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!
VERSLANIR NETTÓ ERU OPNAR Í DAG, 17. JÚNÍ**



AUSTURBÆR

VIÐBURDAHÚS


ALLT AÐ
500 GESTA
BORÐHALD

1.000 GESTA
STANDANDI VEISLUR



518 4000 / info@tales.is

Veður



Gengur í norðan 5-13 m/s. Skýjað og úrkomulítið norðan- og austanlands, hiti 7 til 13 stig. Bjart að mestu um landið suðvestanvert með hita að 20 stigum. Víða rigning eða skúrir undir kvöld, en áfram þurr vestanlands. Kólnandi veður, fyrst norðanlands. **SJÁ SIÐU 20**



Dýrgarðurinn Slakki er í Laugarási.

Segja Laugarás vera þéttbýli

BLÁSKÓGABYGGÐ Laugarás í Biskupstungum er þéttbýli segir í svari sveitarstjórnar Bláskógabyggðar til íbúa Laugarás sem óskuðu eftir skýrri línu varðandi það hvort Laugarás teldist dreifbýli eða þéttbýli.

Mismunandi hefur verið hvernig Laugarás er skilgreint og fer það eftir því hvort ríkið eða sveitarfélagið á í hlut. Sveitarstjórnin segir að samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar frá 2018 sé Laugarás þéttbýli. „Aðalskipulag var auglýst og kynnt á íbúafundum og bærust engar athugasemdir við skilgreininguna. Þjónusta af hálfu sveitarfélagsins miðast við að um þéttbýli sé að ræða, til dæmis hvað varðar gatnagerð og lóðaframboð, gatnalýsingu og snjómokstur gatna. Sveitarfélagið hefur ekki tekið saman allar þær mismunandi skilgreiningar á þéttbýli og dreifbýli sem notaðar eru af hálfu opinberra aðila eða einkaaðila.“ -gar

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Tekið á móti nýjum Herjólfli



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var viðstödd sérstaka móttökuathöfn í Vestmannaeyjum á laugardag þar sem nýr Herjólfur var formlega afhentur. Fjölmargir Eyjamenn mættu til að fagna þessum langþráða áfanga en afhending skipsins tafðist í um eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fjórir metnir mjög vel hæfir í Seðlabankann

SEÐLABANKINN Hæfisnefnd sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra skipaði hefur metið umsækjendur um starf seðlabankastjóra og eru þar fjórir umsækjendur metnir mjög vel hæfir. Kjarninn greindi frá í gær.

Umsækjendurnir sem taldir eru mjög vel hæfir eru þeir Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, Jón Daniellsson, prófessor við LSE í London og Arnór Sighvatsson, ráðgjafi seðlabankastjóra og fyrrverandi aðalhogfræðingur og aðstoðar-seðlabankastjóri. Allir hafa þeir doktorspróf í hagfræði.

Forsætisráðherra mun að lokum skipa seðlabankastjóra en umsækjendur hafa nú frest til 19. júní til þess að gera athugasemdir við mat nefndarinnar sem hún tekur síðan tillit til. -ókp

Segja Miðflokkinn ekki hafa af sér sumarfríð

Enn er engin niðurstaða komin í viðræðum Sjálfstæðisflokksins við Miðflokkinn um þinglokasamning. Þingmenn eru samt bjartsýnir á horfur áætlaðra sumarfría þótt ekki virðist mikill kraftur í samningaviðræðum.

ALÞINGI Kolbeinn Óttarsson Proppé, varaformaður þingflokks Vinstri grænna, segist vera lélegur í sumarfríum og að plön hans snúist aðallega um að hafa nóg að gera svo hann verði ekki eirðarlaus.

„Í sumar ætla ég að hjálpa vinafólki í Berufirði í júlí, dytta að sumarbústað með fjölskyldunni og undirbúa mig fyrir vinnu að orkustefnu fyrir Ísland og endurskoduð á lögum um mat á umhverfisáhrifum.“

Það eina sem gæti riðlast sé vinnuferð til Svíþjóðar. „Reyndar ætla ég að vera nokkrum dögum lengur þar, dvelja í kofa við eitt-hvert vatn og ljóstillifa. Ég myndi reyna að finna sjálfan mig, ef ég vissi ekki að lífið snýst ekki um að finna sjálfan sig heldur að skapa sjálfan sig.“

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, vonar að áætlað sumarfrí hennar riðlist ekki vegna þráttar um þinglok og hyggst elta eina dóttur sína sem er að spila með unglíngalandsliði Íslands í körfubolta. „Við förum á Norðurlandamót í Finnlandi og svo á Evrópumót strax í kjölfarið í Makedóníu. ÁFRAM ÍSLAND!“

Inga Sæland, varaformaður Flokks fólksins, segist ekki hafa neitt planað með sumarfríð sitt, en að hana langi að hafa það kósý og sinna hlutum sem þarf að gera á heimilinu.

Þingmennirnir þrír eru allir sammála um að Miðflokksmenn hafi ekki af þeim sumarfríð og Helga Vala segir þá munu fyrst finna til tevatnsins ef svo skyldi verða.

Aðspurð hvernig betur mætti koma í veg fyrir að þinglokum sé



Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við óttast ekki að þurfa sitja í þessum sal í allt sumar. Þinglok eru þó enn ekki ákveðin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég myndi reyna að finna sjálfan mig, ef ég vissi ekki að lífið snýst ekki um að finna sjálfan sig heldur að skapa sjálfan sig.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, varaformaður þingflokks VG

frestað nánast hver einustu jöl og hvert einasta sumar segir Inga að málum þurfi að koma fljótt og skilmerkilega inn í nefndir.

„Það hefur hins vegar borð við að stjórnarfrumvörp eru að ber-

ast inn í þinglega meðferð á loka-metrum þingsins. Þannig lendum við oft í þessu tímahraki og um leið verður umræðan og meðferð málanna ekki eins vönduð og ella.“

Helga Vala segir mega koma í veg fyrir seinkanirnar með agaðri vinnubrögðum og er að því er virðist sammála Ingu Sæland og segir suma ráðherra demba íðulega inn þingmálum allt of seint, þrátt fyrir skýran tímafrest. „Þetta er ósiður sem mætti vel leggja niður.“

Kolbeinn vill meina að hlutirnir hafi reyndar gengið ágætlega upp að undanförunni en bætir við að aðrir verði að finna út úr því. „Ég mæti bara þegar mér er sagt að mæta.“

palmik@frettabladid.is



RAFHLÖÐUGARÐVERKFÆRI

- Hekklippur • Keðjusagur • Sláttuorf
- Grasklippur • Greinaklippur • Blásarar

Nota sömu rafhlöður og önnur Makita 18V rafhlöðuverkfæri.



Reykjavík:
Krokháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Baldursnesi 8
603 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverzlun:
www.thor.is

Gleðilega hátíð



Fer úr forstjórastóli í ferðalag með Vatnajökulspjóðgarð

STJÓRNSÝSLA „Ég skil við Landmælingar á mjög góðum stað og fer í mjög spennandi leiðangur með Vatnajökulspjóðgarð,“ segir Magnús Guðmundsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs. Tilkynt var formlega um ráðningu hans til næstu fimm ára á föstudaginn en Magnús hafði gegnt starfinu tímabundið frá því síðasta sumri en hann hafði komið



Magnús Guðmundsson.

inn á stormasömum tímum hjá þjóðgarðinum. Þegar Magnús tók

við starfi framkvæmdastjóra fór hann í leyfi frá störfum sem forstjóri Landmælinga Íslands, starfi sem hann hafði gegnt frá 1999. Hann segir aðspurður að nú hafi verið góður tímamunktur til að breyta til.

„Ráðuneytið bað mig að koma yfir í þetta verkefni, sem bar mjög brátt að, síðasta sumar. Þá var ég settur í eitt ár og þeim tíma

lauk nú nýlega. Verkefnið hefur gengið vel og tekist hefur að koma Vatnajökulspjóðgarði í gott stand.“

Líkt og Fréttablaðið greindi fyrst frá í fyrra lét umhverfisráðuneytið gera stjórnsýsluúttekt á Vatnajökulspjóðgarði vegna framúrkeyrslu í fjármálum og frávikum í rekstri ársins 2017. Þegar dökk niðurstaða þeirrar úttektar lá fyrir lét þáverandi framkvæmdastjóri þjóðgarðs-

ins og stjórnarformaður afstörfum.

Í fundargerð stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs, 13. maí síðastliðinn segir í bókun stjórnar að því sé fagnað að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi samþykkt tillögu stjórnar um að gera tímabundna ráðningu Magnúsar varanlega til næstu fimm ára. Ráðningin var hins vegar ekki tilkynt formlega fyrr á föstudag. –smj

Kveiktu varðeld í óvitaskap

LÖGREGLUMÁL Ungmenni kveiktu varðeld á tjaldsvæði í Skorradal á laugardagskvöld sem skapaði mikla hættu á gróðureldi sökum mikilla þurrka á svæðinu. Aðrir gestir bentu þeim fljótt á hættuna og var eldurinn þá slökktur.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur lýst yfir óvissu- stigi á Vesturlandi vegna hættu á gróðureldum en allur gróður er skraufþurr vegna langvarandi þurrka á svæðinu.

» Veðurstofan gerir ráð fyrir áframhaldandi þurrkum á svæðinu næstu daga. Stofnunin mun fylgjast vel með stöðunni næstu daga í samvinnu við Almanna- varnir.

Þórður Sigurðsson, varaslökkviliðsstjóri hjá Slökkviliðinu í Borgarbyggð, segir að eldurinn hafi sem betur fer verið slökktur mjög snemma eða um leið og aðrir gestir bentu ungmennunum á hættuna. Vissulega hafi þó skapast hættu þegar hann var kveiktur því hann geti breiðst út við minnsta tilefni. Málið sé litið alvarlegum augum.

Þórður fór á vettvang í gærmorgun með lögreglu og eftir að hafa kynnt sér aðstæður og rætt við ungmennin og aðra gesti á svæðinu sagði hann að það hafi einfaldlega verið um óvitaskap að ræða og að það yrðu líklega engar afleiðingar fyrir ungmennin í þetta sinn, fólk læri bara af þessu. Hann bætti þó við að það sé lögreglu að ákveða hvort kæra verði gefin út vegna málsins.

Þórður fagnar því að fólk sé greinilega á varðbergi gagnvart gróðureldum og meðvitad um hættuna. – ofþ

Íbúar í Túnunum hafa fengið nóg af ærandi umferðarniði

Veggur sem komið var upp við Hafnarfjarðarveg fyrir nokkrum árum til að draga úr hávaðamengun frá umferð skilar litlum árangri að mati íbúa í Túnunum í Garðabæ. Þeir krefjast úrbóta og segjast búa við verstu hljóðvist í bænum samkvæmt mælingum. Erindi íbúa er nú til skoðunar hjá bæjaryfirvöldum.

SAMGÖNGUR „Ég kalla þetta bara þrúgandi hávaða,“ segir Axel Hrafn Helgason, íbúi í Aratúni í Garðabæ. Íbúar í Túnunum þar í bæ segjast búa við verstu hljóðvist allra íbúa í Garðabæ. Hljóðmælingar sem gerðar hafa verið sýna að umferðarhávaði frá Hafnarfjarðarvegi er vel yfir leyfilegum mörkum hjá nærliggjandi húsum og krefja íbúar bæjaryfirvöld um aðgerðir. Ljóst sé að hljóðveggur sem komið var upp fyrir nokkrum árum geri litið sem ekkert gagn.

Axel Hrafn og móðir hans sem býr í Godatúni sendu bæjaryfirvöldum erindi vegna þessa sem tekið var fyrir í bæjarráði á þriðjudag. Í erindinu vísa þau til reglugerðar sem segi að hljóðstig eigi ekki að fara yfir 50 desíbel á kyrrlátu svæði og 55 desíbel við húsvegg. Túnin við Hafnarfjarðarveg séu samkvæmt mælingum á bílinu 60 til 65 desíbel og 55-60 desíbel.

Gagnrýnin beinist að vegg sem komið var upp fyrir nokkrum árum, í daglegu tali kallaður græna girðingin. Enda lítur hún kannski meira út eins og girðing fremur en hljóðmön við eina umferðarþyngstu samgönguæð höfuðborgarsvæðisins. Axel Hrafn segir hávaðann viðvarandi langt fram á kvöld og eiginlega allan sólarhringinn. Hafnarfjarðarvegur sé bara þannig umferðaræð og þarna fari rúmlega 40 þúsund bílar um á sólarhring. Nú þegar veður sé gott taki íbúar miklu meira eftir hávaðanum og nær ólift sé að vera úti í garði fyrir vikið.

Veggur þessi, eða hljóðmön, er sem fyrr segir ekki gömul og reist að sögn Axels eftir að hann flutti



Mikill umferðarþungi er um Hafnarfjarðarveg í Garðabæ og er hávaðinn þar yfir leyfilegum mörkum. Íbúar í Túnunum krefjast úrbóta og biðla til bæjaryfirvalda. Íbúi í Aratúni segir ekki lift úti í garði. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

» Samkvæmt reglugerð á hljóðstig ekki að fara yfir 50 desíbel á kyrrlátu svæði og 55 desíbel við húsvegg. Mælingar í Túnunum sýna 55-65 desíbel.

í Túnin fyrir um fjórum árum. Hans tilfinning er að ástandið hafi versnað. Þá flæki málið að um er að ræða stofnbraut sem sé á forræði Vegagerðarinnar.

„Vegagerðin vildi fá þennan vegg sem fjarst stofnbrautinni af ýmsum ástæðum en vandinn er að svona veggur þarf að vera sem næst upptökunum til að virka.

Hann er það langt frá að hann er hættur að virka og hávaðinn kastast bara yfir,“ segir Axel, sem skilst að kostnaður við vegginn hafi verið umtalsverður. „Það er því sorglegt ef svona framkvæmd skilar litlum eða engum árangri.“

Bæjarráð vísaði erindinu til nánari skoðunar hjá tækni- og umhverfis- sviði bæjarins. mikael@frettabladid.is




GOÐSÖGNIN NÝR JEEP® WRANGLER



JEEP® WRANGLER RUBICON

Rock-Track® fjórhjóladrif, Select-Trac® millikassi, Tru-Lock® 100% driflæsingar að framan og aftan, aftengjanleg jafnvægisstöng að framan, Heavy Duty fram- og afturhásing, 17" álfelgur, 32" BF Goodrich Mudtrack hjólbarðar, bakkmyndavél með bílastæðaaðstoð, bakkskynjarar, aðgerðarstýri, hraðastillir, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifnar rúður, rafdrifnir og upphitaðir hliðarspeglar og fjarstýrðar samlæsingar.

WRANGLER RUBICON BENSÍN 273 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ: 10.890.000 KR.
WRANGLER RUBICON DÍSEL 200 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ: 10.890.000 KR.

 **HONDA**

RÚMGÓÐUR OG
FJÖLSKYLDUVÆNN
CIVIC



HONDA CIVIC
FRÁ KR. 3.290.000
SJÁLFSKIPTUR

Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:
Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535


HONDA

Dagskrá 17. júní

RÁÐHÚSIÐ
15.00-15.30 Háskóladansinn
15.30-17.00 Harmóníkuball

HARPA
12-17 Skemmtidagskrá

TJÖRNIN
11.30-16.30 Bilasýning

ÞJÓÐMINJASAFNIÐ:
16-16 Má bjóða þér til stofu?

HAGATORG:
13.00 Skrúðganga

HLJÓMSKÁLAGARÐURINN
13-17 Fjölskylduskemmtun.
14-17 Stórtónleikar

STJÓRNARRÁÐIÐ:
14-18 Opið fyrir almenning

AUSTURVÖLLUR
Kl. 11 Hátíðardagskrá
Kl. 11.40 Gengið að kirkjugarðinum við Suðurgötu

HALLGRÍMSKIRKJA:
13.00 Skrúðganga

75 ára afmæli lýðveldisins fagnað

Mikil hátíðarhöld verða um allt land í dag á þjóðhátíðardegi Íslendinga. 75 ár eru frá stofnun lýðveldisins og verður af því tilefni boðið upp á 75 metra langa köku við Hljómskálagarðinn. Sérstakur þingfundur ungmenna verður í Alþingishúsinu klukkan 12.

MANNLÍF Fjölbreytt þjóðhátíðardagskrá verður í miðborg Reykjavíkur í dag þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Dagskráin hefst með samhljómi kirkjuklukkna í borginni klukkan korter fyrir tíu og að honum loknum, klukkan tíu, hefst guðspjónusta í Dómkirkjunni.

Hátíðardagskrá á vegum Alþingis og forsætisráðuneytisins hefst svo klukkan ellefu á Austurvelli með hefðbundnum liðum líkt og ávarpi forsætisráðherra og ávarpi fjallkonunnar. Einnig mun forseti Íslands leggja blómsveig að minnisvarða Jón Sigurðssonar og Hamrahliðar-

» **Þingfundur ungmenna verður haldinn í Alþingishúsinu milli klukkan 12 og 13 í dag. Bein útsending verður frá fundinum á RÚV og á vef þingsins. Ályktun fundarins verður svo afhent Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.**

körinn og Lúðrasveitin Svanur munu flytja tónlist. Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar, mun svo leggja blómsveig að leið Jóns Sigurðssonar og eiginkonu hans, Ingibjargar Einarsdóttur.

Skrúðgöngur verða farnar bæði frá Hagatorgi og Hallgrímskirkju klukkan eitt eftir hádegi og liggur leið þeirra beggja í Hljómskálagarðinn þar sem tekur við fjölbreytt dagskrá til klukkan fimm. Þar verður ýmislegt í boði fyrir alla fjölskylduna, svo sem skátaprautir, hoppukastalar og klifurturn.

Á milli klukkan tvö og fimm verða svo stórtónleikar í Hljóm-

skálagarðinum þar sem fram koma margar af skærustu stjörnum landsins og kynnir verður Margrét Erla Maack.

Lýðveldi Íslands er 75 ára í ár og af því tilefni verður boðið upp á köku á Sóleyjargötu við Hljómskálagarðinn. Kakan verður 75 metra löng svo nóg ætti að vera í boði fyrir þá sem leggja leið sína þangað og má þess geta að kakan er jafn löng og hæð Hallgrímskirkjuturns. Einnig verður opnað við hátíðlega athöfn, í tilefni afmælisins, nýtt fjölskyldu- og fræðslurými á Þjóðminjasafni Íslands.

Hátíðarhöld verða víða um land

í dag og má sem dæmi nefna að skemmtidagskrá verður á Rútstúni í Kópavogi klukkan 14, fjölskyldudagskrá verður á Glerártorgi á Akureyri á milli klukkan 14-16 og kvöldskemmtun verður á sama stað frá klukkan níu til miðnættis.

Í Reykjanesbæ verður skemmtidagskrá í Skrúðgarðinum á milli 14 og 16 þar sem Azra Crnac, flytur ávarp fjallkonu og á Seyðisfirði verður hátíðardagskrá í skrúðgarðinum við Seyðisfjarðarkirkju.

Nánari upplýsingar um dagskrána í höfuðborginni má finna á www.17juni.is

birnadrofn@frettabladid.is

ÓÐALSOSTUR TIGNARLEGUR

Óðalsostur hefur verið á borðum landsmanna frá árinu 1972. Fyrirmynd hans er Jarlsberg, frægasti ostur Norðmanna. Óðalsostur er mildur með örlíttinn möndlukeim og skarpa, sæta, grösuga tóna. Frábær á morgunverðarborðið, hádegislaðborð eða bara einn og sér.



www.odalsostar.is

Gestrisni af gamla skólanum

GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ - GLEÐILEGT SUMAR

Gisting og matur á góðu verði um allt land

Við hjá Edduhótelum höldum sérstaklega mikið upp á þjóðhátíðardaginn því hann hefur ávallt markað sumarkomuna hjá okkur.

Hjá okkur getur þú notið gistingar á góðu verði í nágrenni við margar náttúruperlur landsins. Á Edduhótelunum eru hagstæðir veitingastaðir sem bjóða upp á gómsætan mat úr einstaklega fersku hráefni og þegar fjölskyldan fær sér morgunmat þarf aðeins að greiða fyrir þau fullorönu.

Fylgstu með ómótstæðilegum sumartilboðum sem skjóta reglulega upp kollinum á hoteledda.is.

Velkomin á Hótel Eddu.



Gestrisni af gamla skólanum

SÍÐAN 1961

8 HÓTEL ALLAN HRINGINN: 1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Höfn • 5 Egilsstaðir • 6 Stórutjarnir • 7 Akureyri • 8 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000.



Sara Netanjahú ásamt lögmanni sínum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Sara Netanjahú játar fyrir dómi

ÍSRAEL Sara Netanjahú, forsætisráðherrafrú Ísraels, játaði fyrir dómi í gær að hafa notað rúmlega 12 milljónir króna af almannafé til þess að panta veislubjónustu í forsætisráðherrabústaðinn og að hafa á sama tíma sagt ósatt um að engir kokkar hefðu verið við störf. Samkvæmt Jerusalem Post þarf Netanjahú að greiða ríkinu um tvær milljónir króna vegna málsins.

Eftir um fjögurra ára málaferli undirrituðu ákærða og saksóknari samkomulag í gær þar sem hún játaði á sig misnotkun almannafjár en ekki fjársvik, sem hún hafði verið ákærð fyrir. Refsingin var að sama skapi milduð miðað við kröfur saksóknara.


Breska ríkisútvarpið hafði eftir Erez Padan saksóknara að ákærvaldið hafi náð töluverðum árangri í viðræðunum og þær hafi leitt af sér sanngjarn samkomulag. Með því hafi verið komið í veg fyrir að leiða þyrfti um áttatíu vitni fyrir dómánn.

Verjendur Netanjahú forsetafrúr höfðu haldið því fram að ákærða hafi ekki vitað af viðskiptunum heldur hafi málið verið notað til þess að koma höggi á Netanjahú forsætisráðherra. Hann þarf sjálfur að mæta fyrir dóm í október þar sem ákvörðun verður tekin um hvort hann verði ákærður fyrir spillingu. - þea

Öryggið á oddinn



Frans páfi heimsótti dómkirkjuna í Camerino í gær, klæddur hvítum hjálmi í stil við sinn hefðbundna klæðnað. Hann ferðast um þessar mundir um svæðið á Mið-Ítalíu sem öflugur jarðskjálfti reið yfir fyrir tæpum þremur árum. Næri 300 fórust í hamförum. „Drottinn hvetur okkur til þess að muna, gera við og enduruppbyggja í sameiningu án þess að gleyma þeim sem þjást,“ sagði páfi í messu í Camerino. NORDICPHOTOS/AFP



Það var fjölmenn á götum Hong Kong í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Mikill fjöldi mótmælenda krefst afsagnar valdhafa

HONG KONG Carrie Lam, æðsti stjórnandi kínverska sjálfstjórnarhéraðsins Hong Kong, bað íbúa í gær afsökunar á því að stjórnvöld hafi ekki haldið nógu vel utan um umdeilt frumvarp sem myndi heimila framsal til meginlands Kína. Hundruð þúsunda hafa flykkst út á götur borgarinnar að undanförunu til þess að mótmæla frumvarpinu. Afgreiðslu frumvarpsins var frestað á laugardag vegna mótmælanna.

Að því er kom fram í tilkynningu frá embætti Lam heitir hún því að hlusta á gagnrýni á málið. Það væri vegna óásættanlegra vinnubragða stjórnvalda sem samfélagið logar í deilum og ósætti.

Þessi frestun hefur hins vegar ekki reynst nóg til þess að lægja öldurnar og söfnuðust borgarar aftur saman í gær til að mótmæla. Þess var krafist að Lam segi af sér og

» Ekki er búist við því að frumvarpið verði sett aftur á dagskrá.

ad frumvarpið verði lagt varanlega til hliðar.

Að því er South China Morning Post hafði eftir heimildarmönnum stefnir ekki í að frumvarpið verði tekið upp aftur. Stjórnvöld stefna sumsé ekki að því að setja málið aftur á dagskrá.

Lau Siu-kai, próffessor sem starfar fyrir hugveituna Chinese Association of Hong Kong and Macau Studies, sagði í samtali við sama miðil að það yrði að flokkast afgerandi tap fyrir stjórnvöld í Peking verði frumvarpið ekki tekið upp á ný. „Peking hefur itrekað lýst yfir stuðningi við þessi áform,“ sagði Lau. - þea

Tæplega tvö þúsund mótmæltu í Moskvu

Sýndu stuðning með blaðamanni sem var handtekinn fyrir „skrautlegar eiturlyfjaásakanir“ en leystur úr haldi tæpri viku síðar. Rússland neðarlega á lista yfir fjölmiðlafrelsi í ríkjum heims. Blaðamaðurinn sagðist beittur ofbeldi.

RÚSSLAND Um 1.600 söfnuðust saman í Moskvu, höfuðborg Rússlands, í gær til þess að sýna blaðamanninum Ívan Golúnov stuðning og mótmæla meðferð yfirvalda á honum.

Golúnov er blaðamaður á Meduza, netmiðli sem hýstur er í Lettlandi. Í lýsingu Reuters á manninum sagði að hann væri þekktur fyrir að fjalla um spillingu embættismanna í Moskvu. Hann var handtekinn fyrir í mánuðinum, grunaður um vörslu fíkniefna og vistaður í fangelsi í fimm daga.

Meduza birti viðtal við Golúnov eftir að honum var sleppt. Þar sagði hann frá því að hann hafi sætt barsmíðum í fangelsinu. Stuðningsmenn hans fullyrðu að spilltir lögreglumenn hafi reynt að gera blaðamanninum upp sakir.

Handtökunni var harðlega mótmælt, bæði á meðal almennings og fjölda rússneskra fjölmiðla. Hundruð söfnuðust saman á ósamþykktum mótmælafundi á miðvikudaginn, degi eftir að Golúnov var leystur úr haldi, og var Alexei Navalnij, rússneskur stjórnarandstöðuleiðtogi, á meðal þeirra sem létu sjá sig.

Vert er að minnast á að rússneskt fjölmiðlaumhverfi er erfitt fyrir blaðamenn. Rússland er í 149. sæti af 180 á lista Blaðamanna án landmæra (RSF) yfir fjölmiðlafrelsi í



Ívan Golúnov var sýndur stuðningur í Moskvu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

löndum heims. Í sætinu fyrir ofan Rússland á listanum situr Venesúela, Bangladess fyrir neðan.

Samkvæmt RSF eru sex blaðamenn í fangelsi. Samtökin greindu einnig frá því að Zalaúdí Gerijev, tsjetsjenskur blaðamaður í Rússlandi, hafi nýlega lokið við að afplána þriggja ára dóm fyrir „álíka skrautlegar eiturlyfjaásakanir“.

Mótmæli gærdagsins voru hins vegar haldin með leyfi stjórnvalda, að því er kom fram á vef ríkisfréttastofunnar TASS. „Samþykktur viðburður er í gangi á Sakarov-stræti og eru þátttakendur um 1.600,“

hafði miðillinn eftir upplýsingafulltrúa lögreglu. Bandalag rússneskra blaðamanna stóð fyrir viðburðinum.

Sömuleiðis kom fram í fréttinni að málið gegn Golúnov hafi verið fellt niður eftir að lyfjapróf sýndu að blaðamaðurinn hafi verið allsgáður. Þá hafi tveir lögreglustjórar verið leystir frá störfum vegna málsins.

Mótmælendur minnstust, samkvæmt Reuters, á þá blaðamenn sem enn eru í haldi. „Golúnov er nú frjáls. En hvað með hina?“ stóð á borða nokkurra mótmælenda.

thorgnyr@frettabladid.is

KRÓNAN

Opíð
í dag
17. júní

í öllum Krónu
verslunum

**Hæ hó
og jibbý ...**

**Gleðilegan
þjóðhátíðar
dag**



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Með sól í sinni



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Í dag fögnum við 75 ára afmæli lýðveldis á Íslandi. Með gildistöku lýðveldisstjórnarskrár hinn 17. júní 1944 var konungdæmi á Íslandi endanlega afnumið en það hafði þá ríkt frá samþykkt Gamla sáttmála árið 1262-1264.

Það var ekki fjölmenn þjóð sem fagnaði á Þingvöllum fyrir 75 árum. Íslendingar voru þá aðeins um 126 þúsund. Þrátt fyrir það vantaði ekki stórhug og bjartsýni á það hverju sjálfstæð þjóð fengi áorkað. Þetta var forboði fagurs dags. Þá kvað Hulda: „Syng, frelsis-söngva, frjálsa þjóð, við fánans bjarta þyt.“

Þroskasaga smáþjóðarinnar hefur einkennt af ótrúlegum breytingum og framförum bæði í efnahagslegu og menningarlegu tilliti. Af því eigum við að vera stolt enda er þjóðræknir ekki þjóðreimbi.

Blómlegt atvinnulíf, menningarlíf og menntakerfi varð okkur aflvaki til að byggja hér farsælt samfélag. Frjálst athafnalíf varð lykill að lífskjörum þjóðarinnar.

Íslenskir leiðtogar og þjóðin sjálf skildu að eyjan Ísland ætti ekki að vera eyland í samfélagi þjóðanna. Tækifæri smáþjóða til áhrifa og aukinnar hagsældar lægju í frjálsum viðskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir. Ísland ætti samleið með Evrópu.

Í mörgu er Ísland fyrirmynd annarra þjóða. Á Íslandi er til að mynda fyrirmyndarhagkerfi á mælikvörðum hagvaxtar og ýmissa félagslegra þátta. Hér njóta fleiri efnahagslegs ávinnings en víða annars staðar. Hér er auk þess jöfnuður meiri en í flestum ríkjum og fátækt er minni en í velferðarríkjum Noregs, Finnlands og Svíþjóðar. Jöfnuður milli kynslóða er meiri en víðast hvar. Þá eru Íslendingar leiðandi meðal þjóða í jafnréttismálum.

Þjóðhátíðardagur er dagur æskunnar. Þegar horft er til hennar er fullt tilefni til bjartsýni. Heimurinn er allur undir. Unga kynslóðin er uppfull af hugmyndum, baráttugleði og víðsýni með skilning á því að verkefni framtíðarinnar á borð við umhverfismál, verði ekki leyst nema með samvinnu þjóða.

EKKI MÁ ÞÓ GLEÝMA ÞEIM SEM ELÐRI ERU. Það ætti að vera okkur áleitinn spurning hvornig við ávöxtum þann arf, sem liðnar kynslóðir hafa skilað okkur. Þær kynslóðir sem lögðu þennan góða grunn mættu njóta meiri virðingar. Við eigum þeirra framfarahug og bjartsýni mikið að þakka. Enda var það svo að þrátt fyrir votviðrið á Þingvöllum þennan dag fyrir 75 árum var sól í sinni.

Það er enn litlum þjóðum mikilvægt.

Gleðilega þjóðhátíð.



Íslenskir leiðtogar og þjóðin sjálf skildu að eyjan Ísland ætti ekki að vera ekki eyland í samfélagi þjóðanna.

Halldór



Frá degi til dags

75 ár

Margt getur gerst á 75 árum. Og margt hefur gerst frá því Ísland varð lýðveldi á þessum degi árið 1944. Heimsstyrjöld kláraðist, kalda stríðið kom og fór og Mean Girls 2 var framleidd svo fátt eitt sé nefnt. Íslenskt samfélag hefur breyst ofboðlega mikið á þessum 75 árum. Lífslíkur hafa hækkað, Íslendingum fjölgað úr 125.967 í tæp 360 þúsund, kílóíð af hveiti hækkað talsvert úr þeirri rúmu krónu sem það var og vergar þjóðartekjur fimmtánfaldast samkvæmt Hagstofnunni. Samhliða hafa lífsgæði aukist verulega.

Opíð Ísland

Ýmislegt hefur stuðlað að þessum breytingum. Einn mikilvægasti þátturinn er alþjóðavæðing og aukíð samstarf við önnur ríki. „Áður vorum við á meðal fátækustu þjóða Evrópu en erum nú ein sú ríkasta. Ein ástæðan er sá aðgangur sem við höfum að öðrum mörkuðum,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra á dögunum. Nú þegar lýðveldið fagnar stórafmæli er því vert að hafa það í huga hvað hefur reynst okkur vel á þessum 75 árum. Draga má lærdóm af fortíðinni, sérstaklega nú þegar einangrunarhyggja og raunverulegar efasemdarraddir um ágæti EES-samningsins eru farnar að heyrast æ oftar.

thorgnyr@frettabladid.is

75 ára afmæli lýðveldisins



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra

Við minnumst 75 ára afmælis íslenska lýðveldisins í dag.

Þegar við hugsum til þess sem helst hefur mótað lýðveldið okkar og það sem skilgreinir okkur sem þjóð er ljóst að menningin, tungumálið og bókmenntirnar eru í lykilhlutverki. Í sjálfstæðisbaráttunni var þjóðtungan ein helsta röksemd þess að Íslendingar væru sérstök þjóð og sjálfstæðiskröfur okkar réttmætar. Tungumálið er þannig lykillinn að sjálfsmynd okkar og líkt og lýðræðið stendur íslenskan á ákveðnum tímamótum. Hvorugt ættum við að álíta sjálfsgaðan hlut, hvorki þá né í dag.

Við getum horft til afmælisbarns dagsins, Jóns Sigurðssonar forseta, í því samhengi. Hann hafði djúpstæð áhrif á Íslandssöguna sem fræði- og stjórnmálamaður, og fræðistörfin mótuðu um margt orðræðu hans á vettvangi stjórnmálanna. Hann var óhræddur við að vera á öndverðri skoðun en samtímamenn sinir, hann beitti gagnrýninni hugsun – rökum og staðreyndum, í sínum mikilvæga málflutningi. Það var raunsær hugsjónamaður sem kom okkur á braut sjálfstæðis. Gagnrýnin hugsun er að mínu mati það sem einna helst mun stuðla að jákvæðri þróun þessara tveggja lykilkvæða; lýðræðisins og tungumálsins. Lýðræðið gerir okkur að frjálsum borgurum og veitir okkur tækifæri til virkrar þátttöku í mótun samfélagsins. Að sama skapi hvílir á okkur mikil ábyrgð vegna þessa og það er skylda okkar að afla þekkingar á málefnum liðandi stundar til styrkja lýðræðið. Það sem helst vinnur gegn framförum hvers samfélags er áhuga- og afskiptaleyfi. Virk þátttaka og rýni til gagns skila okkur mestum árangri, hvort sem verkefni eru lítil eða risavaxin.

Sú staðreynd að við getum fjölmennt á samkomur víða um land til þess að fagna þessum merka áfanga í sögu þjóðarinnar er ekki sjálfgefin. Sú elja og þrautseigja sem forfeður okkar sýndu í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar lagði grunninn að þeim stað sem við erum á í dag. Það er okkar og komandi kynslóða að halda áfram á þeim grunni. Eg óska okkur öllum til hamingju með 75 ára afmæli lýðveldisins Íslands.



Sú staðreynd að við getum fjölmennt á samkomur víða um land til þess að fagna þessum merka áfanga í sögu þjóðarinnar er ekki sjálfgefin.

HVAR ENDA ÞÍN ÁHRIF?

Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanagerur. Ökum allsgáð.

Minningarsjóður Lovísu Hrunnar | lovisahrund.is

Það verður rigning í dag

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ekki veit ég hvort hún rætist, vedurspáin fyrir daginn, en það yrði vissulega dæmigert. Þegar þetta er skrifað er spáð rigningu á höfuðborgarsvæðinu og víðeigandi tilfinningar í því sambandi láta ekki bíða eftir sér. Auðvitað, hugsar maður. Vitaskuld er alltaf rigning á 17. júní. Leiðinda-veður á þjóðhátíðardaginn er fastur liður. Ástæðan er þessi: Þótt gott veður ríki stundum á Íslandi, eins og undanfarið, verður alltaf mikilvægt fyrir Íslendinga að átta sig á því að sjálfstæðið var ekki fengið með einhverju rápi í stuttboxum í miðbænum eða með því að grilla á sólpalli. Jón Sigurðsson í upphæðum, Jónas Hallgrímsson og þessir menn hafa með áhrifamætti sínum við fótiskör almættisins komið því í kring að hin hefðbundna rigning á þjóðhátíðardaginn skuli þjóna þeim tilgangi að minna okkur sem eftir lifum á það, að sjálfstæðið var fengið með veðurbarinni þrjósku og steyttum hnefa upp í lárétta rigningu og norðangadd. Það var ekkert pláss fyrir síðdegi á svölum

með Pinot grigio í því basli, gott fólk. Þess vegna verður rigning í dag.

Hæ hó jibbi jæ

Skítaveður er eins og Miðflokkurinn. Eyðileggur stemninguna. Minnir okkur á að lífið er ekki eintóm sæla. Á eftir skemmtun koma leiðindi. Þegar hlutir ganga vel og flest er á þokkalegu róli og þjóðfélagið ætti að geta einbeitt sér að ýmsum uppbyggilegum störfum mun alltaf verða til eitthvað svona afl í tilverunni, uppi í Hádegismóum, á þingi eða annars staðar, sem stendur leiðindavaktina og passar að sátt skapist ekki né heldur friður eða góður andi. Er þetta ekki hlutskiptið? Gott veður í langan tíma er ekki í boði. Það kemur alltaf rigning og rok. Það verður alltaf Sigmundur. Alltaf Davíð.

Ótal minningar um napran þjóðhátíðardag, vot börn með kandíflos, litríka regnjakkamerð á blautu túni með hoppkastölum í roki — allar þessar minningar draga fram nokkuð skýra mynd í kollinum af því hvað það er að vera Íslendingur.

Að vera Íslendingur er að norpa við harðræði. Reyna að gera gott úr hlutunum með setningum eins og: „Veðrið skiptir ekki máli! Það skiptir bara máli hvernig maður klæðir sig!“ Og hlæja svo vandræðalega í kjölfarið. Miðaldra menn kampakátir í kvartboxum úti í matvörubúð að kaupa sér kjöt á grillið í sól, sáttir. Það er ekki íslenskt. Skjannahvítir og æðaberir legginir koma upp um eðlið. Á Íslandi er



Skítaveður er eins og Miðflokkurinn. Eyðileggur stemninguna. Minnir okkur á að lífið er ekki eintóm sæla. Á eftir skemmtun koma leiðindi.

bara sól stundum. Bóndabrunka er það eina sem er í boði. Sorri Stína.

Það kemur hrun

Fullyrða mætti að gott veður um langa hríð boði aldrei gott. Að ætíð fylgi ból blíðviðri. Í stríðum straumum berast þau um þessar mundir tíðindin, grunsamlega jákvæð, af stöðu efnahagsmála. Skuldir hafa lækkað. Vextir í sögulegu lágmarki. Kjarasamningar mælast nokkuð vel fyrir. Engin kollsteypa er í nánd segja fræðingar. Vextir eiga jafnvel eftir að lækka ennþá meira.

Það er aldeilis. Spyrja má, í framhaldi af hugleiðingum mínum um eðli íslenskrar tilvistar — ríkulegt tilefni til slíkrar greiningar hefur jú skapast á enn einum rigningarblauta þjóðhátíðardeginum — hvort þetta jafnvægi í þjóðarbúskapnum rími vel við þjóðarsálina og hvernig hún er gerð? Er ekki full ástæða til að setja alla fyrirvara við þessa jákvæðu þróun og benda á að vitaskuld muni hið óhjákvæmilega gerast í kjöl-



farið, að Íslendingar verði sjálfum-glaðir — rápi hvítleggjaðir í stuttboxum úti í búð — fari að haga sér heimskulega og á endanum húrri allt á höfuðið í þjóðargjaldþroti?

Tilgangur leiðinda

Ég skal ekki segja. Sumir halda því fram að það sé erfiðara að stjórna þegar vel gengur en þegar illa gengur. Að góðæri sé skeinuhættara en kreppa. Að stjórna væntingum er kúnst sem oft misheppnast á björtum dögum. Af þessum sjónarhóli má hæglega halda því fram að reglubundnir rigningar- og suddadagar þjóni vissum tilgangi. Að ná þjóðinni niður á jörðina. Að segja okkur að lífið sé ekki, og verði aldrei, dans á rósum. Lífið sé salt-

fiskur. Þuð. Okkur sé öllum hollt að mygla við lestur Reykjavíkurbréfa og leiðindin á þingi.

Eða hvað? Annað einkennir líka Ísland. Ófyrirsjáanleikinn. Að vera Íslendingur er að lifa við ótæmandi möguleika. Það getur allt gerst. Núna þegar ég hef skrifað þessa grein algjörlega á þeim forsendum að það sé spáð rigningu — og ég hef fnt til alls konar skáldlegra hugleiðinga af því tilefni — þurfti ég auðvitað að skoða vedurspána aftur. Og hvað kemur þá ekki á daginn? Jú, það er ekki lengur spáð rigningu. Það er spáð gladasólskini, sautján stiga hita og logni.

Óneitanlega er veröldin betri þannig. Allt í einu blasir við spurningin, tær og fögur: Þarf lífið að vera leiðinlegt? Svárið: Auðvitað ekki.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði — sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Vinnur hjá stærsta liði Norðurlandanna

Í ársbyrjun fékk Magni Fannberg draumastarfið þegar hann hóf störf sem þróunarstjóri hjá sænska liðinu AIK stærsta liði Skandinavíu. Magni sér um að byggja brú milli akademíustarfs félagsins og aðalliðsins en starf hans er fjölbreytt og krefjandi.

FÓTBOLTI Magni Fannberg hefur starfað sem knattspyrnuþjálfari og síðar það sem kallað er þróunarstjóri í Svíþjóð og Noregi í tæpan áratug. Magni, sem er alinn upp fyrir vestan og þjálfaði þar og síðar hjá Fjarðabyggð, Val, HK og Grindavík, fór fyrst út til þess að þjálfva unglingslið sænska liðsins Brommapojkarna.

Unglinga- og akademíustarf Brommapojkarna er rómað og liðið hefur skilað af sér leikmönnum sem leika með stærstu liðum Svíþjóðar, með yngri landsliðum Svía og síðar A-landsliðinu. Síðar tók hann við sem þjálfari aðalliðs Brommapojkarna.

Fjölskylda hans hefur búið í Stokkhólmi frá 2009 en í upphafi árs árið 2016 ventu hann kvæði sínu í kross og tók við starfi þróunarstjóra hjá norska liðinu Brann í Bergen. Hann bjó þá í Bergen en flaug reglulega heim til fjölskyldu sinnar sem bjó áfram í Stokkhólmi.

Fluttu út vegna náms hjá eiginkonunni

„Það var í raun tilviljun að ég komst að hjá Brommapojkarna. Ég flutti til Stokkhólms með konu minni sem var að fara í mastersnám við Karolinska Institutet. Ég var beðinn um að aðstoða við þjálfun hjá félaginu og það þróaðist í þá átt að ég var orðinn aðalþjálfari karlaliðs félagsins. Það var ekki í kortunum þegar ég flutti út.“ segir Magni um upphaf þess að hann fór að starfa innan knattspyrnunnar í Svíþjóð.

„Starf mitt felst í grófum dráttum í því að að sjá til þess að gæðin í þjálfun leikmanna séu eins og best verður á kosið. Að allt sem við gerum sé gert á sem faglegastan hátt og allt sé vel undirbúið þegar þjálfarteymin hitta leikmennina og kynna æfingar dagsins fyrir þeim, og að allar æfingar séu vel undirbúnar. Leikmenn akademíulíðanna fá dagskrá frá okkur á hverjum degi um það hvernig þeir eiga að æfa, hvílast og nærast á milli æfinga.

Þá sé ég um að samræma störf akademíulíðanna og aðalliðsins og búa þannig um hnútana að þróun leikmanna akademíulíðanna inn í aðalliði sé í réttum farvegi. Ég sé um það að setja saman, í samráði við þjálfara akademíunnar, æfingaplán fyrir leikmenn akademíulíðanna, það er skipulag um hvernig æft er, hvaða áherslur og ákefð er á hverri æfingu fyrir sig og endurheimt og næringu leikmanna á milli æfinga.

Mikil vinna að baki hverri æfingu

„Það fer mikil vinna í hverja æfingu hjá akademíulíðunum og það er fundað fyrir hverja æfingu þar sem farið er yfir nákvæmlega hvernig verður æft. Án alls hroka gagnvart íslenskum félagsliðum, þá er eiginlega hægt að líkja umhverfinu hér við þau lið sem ég starfaði hjá heima og aðstæður og vinnuumhverfi hjá AIK er ekki samanburðarhæft við það hvernig málum er háttað hjá íslenskum félagsliðum.“ segir Magni um það í hverju starf hans felst.

„Mitt helsta hlutverk er að undirbúa leikmenn aðalliðanna til þess að vera reiðubúnir til að æfa og leika með aðalliði félagsins. Þetta er aftur á móti mjög fjölbreytt starf og fer allt frá því að vera meðvitauður um líkamlegt ástand leikmanna, vera úti á æfingasvæði að fylgjast með æfingum og til þess að vera ráðgjafi í leikmannakaupum.



Magni Fannberg hefur klifið upp metorðastigann í knattspyrnuheiminum í Svíþjóð og starfar hjá stærsta félagsliði landsins. MYND/ANDREAS L ERIKSSON

Þetta er stærsta starfið í þessum geira í Skandínaívu og mér liður mjög vel hjá félaginu.

Magni Fannberg

Ég er hálfgerður verkstjóri í sérfræðingateymi sem sér um þjálfun akademíulíðanna og aðalliðsins. Það eru miklar kröfur gerðar til leikmanna AIK og má nefna að fyrir hverja æfingu eru sýndar vídeó þar sem farið er yfir það sem eigi að fást út úr æfingu dagsins. Það er undir mér og þjálfurum akademíulíðanna komið að sjá um að leikmenn sem koma í gegnum í akademíustarfið séu klárir í að leika með aðalliðinu. Strákarnir í akademíunni æfa eins og atvinnu menn og temja sér fagmennsku í störfum sínum.“ segir hann enn fremur um starfslýsingu sína.

Sveitastrákur að vestan að upplifa drauminn

„Fyrir mér er AIK stærsta félagið á Norðurlöndunum með danska liðinu FC København. Þegar mér var boðið starfið hér á sínum tíma var ég virkilega ánægður hjá Brann og hlutirnir gengu ofboðslega vel þar. Þetta er hins vegar það stórt starf og fyrir utan það að það hentaði fjölskylduáðstæðum mínum betur, þá var ég mjög spenntur fyrir því að fá þetta starf. Það voru margir hæfir einstaklingar sem höfðu áhuga á þessu starfi og ég er verulega stoltur af því að hafa hreppit hnosið.

Það er síður en svo sjálfgefið að sveitastrákur að vestan fái svona tækifæri og þetta er stærsta starfið í þessum geira í Skandinavíu. Ég gerði fjögurra ára samning þegar ég tók við og sé fram á að klára þann tíma.“ segir þessi metnaðarfulli maður um upplifun sína af starfinu en hann hóf störf hjá AIK í mars fyrr á þessu ári.

„Það er ofboðslega mikill munur á umgjörð og öllu utanumhaldi í kringum AIK og önnur atvinnumannalið á Norðurlöndum og hjá íslenskum liðum. Ég er ekki viss um að knattspyrnuáhugafólk á Íslandi átti sig á því hversu mikill munurinn er. Það er hægt að líkja þessu við muninn á KR og Magna Grenivík.

Akademíustarfið hjá AIK í hæsta gæðaflokki

„Það er stefnan hjá AIK að berjast um sænska meistaratitilinn og akademíustarfið þarf því að vera gott til þess að leikmenn séu í stakk búnir að standast þá pressu og komast þar að. Markmiðið er svo bara líka að búa þannig um hnútana að leikmenn akademíunnar gangi í gegnum góðan skóla hvort sem þeir komast að hjá AIK eða annars staðar.“ segir Magni um tilgang og árangur akademíustarfsins hjá AIK. „Leikmenn fara í gegnum vel skipulagða og faglega rútinu þar sem þeim er kennt að haga sér og æfa eins og atvinnu menn hjá stóru félagi.

„Þessa stundina er ég mjög ánægður í mínu starfi. Þetta er fjölskylduvænna starfen að vinna sem þjálfari. Mér liður vel í þessu starfi og geri mér grein fyrir hversu heppinn ég er að fá að sinna því. Það hafa lið borið viðurnar í mig og boðið mér þjálfarastörf en það hefur einfaldlega ekki heillað mig nægilega mikið. Það er hins vegar á hreinu að ég hef ekki þjálfað mitt síðasta lið.

Ég sé ekki fyrir mér að starfa sem þjálfari hjá félagsliði á Íslandi og ég er orðinn nokkuð mikill Skandinavíu-



Magni Fannberg að leiðbeina fyrrverandi lærisveinum hjá Brommapojkarna.

maður og mitt sterkasta tengslanet er þar. Ég sé mig ekki vinna við annað en knattspyrnu komandi ár en það geta auðvitað orðið önnur störf tengd henni en þjálfun félagsliða á Íslandi. Það er erfitt að koma sér fyrir á meginlandi Evrópu hvort sem það er í því starfi sem ég senni núna eða í þjálfun en ef það býðst einhvern tímann í framtíðinni myndi ég klárlega skoða það. Hugur minn er hins vegar hjá AIK núna og ég er mjög einbeittur á að standa mig vel þar og vera hér næstu árin.“ segir Magni um framtíðaráform sín.

Trúði því ekki þegar hann heyrði af áhuga AIK

„Það er algjör draumur að starfa fyrir AIK þó að mig hafi kannski ekki dreymt um þetta starf. Ég vissi vel að ég gæti staðið mig vel í þessu starfi en gat ekki látið mig dreyma um það þar sem ég vissi ekki að það væri í boði. Þegar ég frétti fyrst af áhuga AIK hélt ég að það væri verið að djóka í mér. Svo hringdu þeir og ég varð strax mjög spenntur og auðvitað dreymdi mig um það starf. Það er mikill stöðugleiki í stjórnunarstöð-

um hjá félaginu og vinnuumhverfið algerlega til fyrirmyndar.“ segir Vestfirðingurinn.

Auk þess að starfa fyrir AIK var Magni fenginn inn í nýjstategni íslenska karlalandsliðsins fyrir undankeppni EM 2020 en honum var falið að leikgreina tyrkneska liðið og var hann í stúkunnari á leik Íslands og Tyrklands á dögunum og var Erik Hamrén og Frey Alexanderssyni til halds og trausts á meðan á leiknum stóð.

„Það gefur mér mikið að geta lagt hönd á plóg fyrir íslenska landsliðið. Þetta gefur mér líka tækifæri til þess að koma heim og hitta vini og fjölskyldu sem er frábært. Ég hef mjög gaman af því að gera þetta fyrir íslenska liðið. Það er gaman að sjá hversu vel er að málum staðið hjá KSÍ og umgjörð liðsins hefur batnað undanfarið ár. Þetta starf heldur mér í tengslum við íslenskt knattspyrnusamfélag en ég sé ekki fyrir mér að starfa á annan hátt á Íslandi en í þessu starfi eða hjálpa á annan hátt til dæmis halda fyrirlestra fyrir KSÍ.“ segir hann um störf sín fyrir sambandið. hjojraro@frettabladid.is



Kolvetna-
skert

Óskajógúrt þjóðarinnar á tyllidögum

Óskajógúrt hefur verið sjálfsagður hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar í rúm 40 ár. Rétt eins og skúradembur á þjóðhátíðardaginn er Óskajógúrtin aldrei langt undan. Þín óskastund getur því verið hvar og hvenær sem er.



1. OKTÓBER Í DAG
17. JÚNÍ - ÖRFNUM
AFTUR Á MORGUN KL. 11:00

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Vikutilboð
GILDA FRÁ 13. TIL 19. JÚNÍ



www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

NATURE'S SUPREME

heilsurúm með Classic botni



VIKUTILBOD
20%
AFSLÁTTUR

Val um þrjá líti á botni: Hvítt, svart og grátt.

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Sterkur botn
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm²
- Steyptar kantstyrkingar

SUPREME heilsurúm

Dýna, botn og fætur.
Stærð 100 x 200 cm

Fullt verð 96.900 kr.

SUPREME heilsurúm

Dýna, botn og fætur.
Stærð 180 x 200 cm

Fullt verð 149.900 kr.

Aðeins **77.520 kr.** **119.920 kr.**

LINN

hægindastóll



VIKUTILBOD
70%
AFSLÁTTUR

Ljósgrátt, mjúkt sléttflauel og svartir fætur.

Fullt verð: 49.900 kr.

RAMSEY

hægindastóll



VIKUTILBOD
40%
AFSLÁTTUR

Svart PU-áklæði og svartir fætur.

Fullt verð: 29.900 kr.

Aðeins **14.997 kr.**

Aðeins **17.940 kr.**



DÚNSÆNGUR OG -KODDI

Sængur 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Koddi 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Sæng 135x200 cm 1.185 g. Fullt verð: 12.900 kr

TILBOSVERÐ 9.030 kr.

Sæng 135x220 cm 1.300 g. Fullt verð: 14.900 kr

TILBOSVERÐ 10.430 kr.

Sæng 200x220 cm 2.000 g. Fullt verð: 19.900 kr

TILBOSVERÐ 13.930 kr.

Koddi 50x70 cm 750 g. Fullt verð: 6.900 kr

TILBOSVERÐ 4.830 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánud. til föstud. kl. 11.00-18.30
Laugard. kl. 11.00-17.00
Sunnud. kl. 13.00-17.00 (Smáratorgi)

Holtgördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Leikmenn Íslands fagna sætinu á EM 2020 með þeim fjölmörgu stuðningsmönnum sem mættu í Laugardalshöllina í gær og sáu Ísland leggja Tyrkland að velli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS Fleiri myndir af leiknum í gærkvöldi er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +PLÚS er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.

Bjarki Már og Viktor Gísli voru frábærir

Íslenska karlalandsliðið í handbolta tryggði sér sæti í lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Austurríki, Noregi og Svíþjóð í janúar á næsta ári með sannfærandi sigri gegn Tyrklandi í lokaumferð undankeppinnar í gær.

HANDBOLTI Ísland er á leið á Evrópumótið í handbolta karla 11. skipti í röð en farseðilinn var tryggður með öruggum 32-22 sigri á móti Tyrklandi í lokaumferð undankeppinnar í Laugardalshöllinni í gær. Þessi sigur tryggði Íslandi annað sætið í riðli sínum í undankeppninni og þar af leiðandi sæti í lokakeppninni.

Íslenska liðið hóf leikinn af miklum krafti og sigldi svo fram úr tyrkneska liðinu í seinni hálfleik. Þar munaði mestu um stöðuga og góða markvörslu Viktors Gísla Hallgrímssonar bak við sterka vörn Íslands og frábæra innkomu Bjarka Más Elissonar sem skoraði 11 mörk. Frammistaða Bjarka Más er ekki síst eftirtektarverð þar sem hann spilaði einungis seinni hálfleikinn.

„Ætli þetta sé ekki bara besti hálfleikur minn með landsliðinu. Þetta byrjaði allt þegar dj-inn setti nýja sumarsmellinn með Ingó Védurguði og Gumma Tóta á fyrir leikinn. Það kveikti í mér og ég fékk svo að vita það í lok fyrri hálfleiks að ég myndi byrja seinni hálfleikinn. Ég fann það strax að ég myndi hitta á góðan leik og leikur gegn liði eins og Tyrkland er hentar mér vel,“ sagði Bjarki Már í samtali við Fréttablaðið um spilamennsku sína.

„Við náðum að nýta færin vel í þessum leik og fengum fullt af hraðaupppláupum eftir að hafa staðið sterka vörn. Leikurinn gegn Grikklandi skildi eftir óbragð í muninum og það var gott að ná að kvitta fyrir þann leik og tryggja sætið á EM á öruggan hátt. Þessi leikur verður til þess að við förum léttir í sumarfrí og mætum svo jákvæðir til leiks í næstu verkefni liðsins,“ sagði hann enn fremur.

„Mér fannst varnarleikurinn góður og Viktor Gísli sýndi mikinn stöðugleika yfir allan leikinn í markvörslu sinni. Við náðum svo



Bjarki Már átti stórleik fyrir Ísland gegn Tyrkjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Undankeppni EM 2020

Ísland 32-22 Tyrkland (12-9)

Mörk Íslands: Bjarki Már Elisson 11, Arnór Þór Gunnarsson 6/1, Aron Pálmarsson 3, Teitur Örn Einarsson 3, Elvar Örn Jónsson 2, Guðjón Valur Sigurðsson 2, Janus Daði Smáráson, Sigvaldi Björn Guðjónsson 2, Atli Ævar Ingólfsson 1.

Varin skot: Viktor Gísli Hallgrímsson 19.

Örn og Hauk Þrastarson léku í þessum leik og Viktor Gísli bætti svo því við sitt proskafærið að sýna stöðugleika,“ sagði Guðmundur Þórður Guðmundsson um leikinn í gær.

„Liðið fékk mikla gagnrýni á sig fyrir spilamennskuna í Grikklandi en það var ekki tekið með í reikninginn hversu erfitt ferðalagið var í aðdraganda leiksins og hversu erfiðar aðstæður voru þar ytra. Það er auðvelt að sitja einhvers staðar og hrauna yfir liðið. Þetta er ungt lið sem er í góðum farvegi með að fylgja eftir því þriggja ára plani að komast aftur í fremstu röð. Leikmenn liðsins munu misstíga sig á leiðinni. Nú erum við hins vegar komnir á EM og hlutirnir líta bara vel út. Það sem við þurfum helst að huga að til framtíðar er að auka breiddina í hægri skyttunni og bæta línuspilið,“ segir Þjálfarinn um framtíð íslenska liðsins. hjorvaro@frettabladid.is

að nýta færin betur en í Grikklandi þó svo að uppstilltur sóknarleikur hafi verið kaflaskiptur. Ég var sáttur við að sjá hversu vel ungir leikmenn á borð við Teit Örn, Elvar Örn, Ými



Mikið stuð í Höllinni

Það var mikil stemming í Laugardalshöllinni í gær þegar íslenska karlalandsliðið í handbolta tryggði sér sæti á Evrópumótinu sem fram fer í Austurríki, Noregi og Svíþjóð í janúar á næsta ári. Leikmenn Íslands voru vel hvattir af stuðningsmönnum sínum sem voru í sannkölluðu þjóðhátíðarskapi.



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



LEIÐ

MÁNUDAGUR 17. JÚNÍ 2019

Lífsstíll



Caroline er innanhúshönnuður og hefur sett upp stúdíó í miðbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verðum hér svo lengi sem við erum ánægð

Frönsku hjónin Caroline og Benoit Cheron fóru með börnunum sínum í frí til Íslands fyrir þremur árum. Þau urðu svo heilluð að þau eru flutt hingað með alla fjölskylduna, hafa stofnað hér fyrirtæki og segjast komin til að vera. ➔?

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Fyrir þremur árum fóru frönsku hjónin Caroline og Benoit Cheron í frí til Íslands ásamt börnunum sínum þremur. Þau ferðuðust um landið á þremur vikum og nutu frísins í botn. Ári síðar bauð Benoit konunni sinni í vikufé til Íslands í tilefni af fertugsafmælinu hennar. Eftir það varð ekki aftur snúið. Hjónin heilluðust svo af landi og þjóð að þau fóru að velta fyrir sér möguleikanum á að flytja til landsins.

„Okkur þyrsti í ævintýri og vildum hugsa aðeins út fyrir kassann og fara út fyrir þægindarammann okkar,“ segir Caroline og bætir hlæjandi við: „Kannski var þetta líka miðaldurskrísa.“

„Við byrjuðum að ræða þessa hugmynd við börnin okkar fljótt efir að við komum heim. En það tók um það bil ár fyrir hugmyndina að verða að veruleika. Við ákváðum að hætta í vinnunum okkar úti. Við þurftum að finna hús til að búa í og skóla fyrir börnin á Íslandi. Við komum svo til Íslands í maí 2018 svo við höfum verið hér í ár. Þetta hljómar kannski svolítið klikkað en svona gerðist þetta.“

Það sem heillaði fjölskylduna við Ísland var aðallega náttúrufergurðin, náttúran er svo sterk á Íslandi. Okkur langaði að vera nær náttúrunni og stjórna minna af efnishyggi. Okkur fannst Ísland geta fært okkur það.

Áður en fjölskyldan flutti til Íslands bjuggu þau í Lúxemborg í fjölda ára. Þar rak Caroline sitt eigið fyrirtæki sem innanhúshönnuður.

Hannar heimili fyrir íslendinga

„Þegar við bjuggum í Frakklandi fyrir þrettán árum var ég enskukennari. En þegar við fluttum til Lúxemborgar langaði mig að breyta til og fór í nám í innanhúshönnun,“ segir Caroline. Hún seldi fyrirtækið sitt þegar hún flutti til Íslands og hefur nú stofnað nýtt fyrirtæki á Íslandi.

Fyrirtækið heitir Bonjour og sérhæfir sig í innanhúshönnun, vefsíða fyrirtækisins er bonjour.is. Caroline hefur komið upp stúdíói á Óðinsgötunni. Þar er hún með sýningarrými svo viðskiptavinirnir geti fengið hugmynd um möguleikana sem hún býður upp á. Í sýningarrýminu má sjá úrval fallegar franskra hönnunar. Það er hægt að sjá veggfóður, húsgögn og ljós frá samstarfsaðilum fyrirtækisins ásamt fylgihlutum eins og púðum, kertum og hönnunarvörur ólíkar þeim sem hægt er að kaupa annars staðar á landinu.

„Ég opnaði stúdíóið fyrir þremur mánuðum. Ég er mjög ánægð með viðbrögðin sem ég hef fengið frá Íslendingum. Þeir eru mjög áhugasamir,“ segir Caroline.

Hún segir Íslendingana vera svo vana norrænum tiskustraumum og þeim þyki það því góð tilbreyting að sjá eitthvað nýtt.

„Ég held að Íslendingar séu mjög opnir gagnvart nýjungum, nýrri tisku og nýjum hugmyndum. Það er ein ástæða þess að ég vildi hafa sýningarrými, svo fólk sjái hvað ég get gert. Mér finnst gaman að vinna með veggfóður og liti og er djörf í litavali. Ég er sannfærð um að litir séu góðir fyrir okkur. Sýningarherbergið er einnig hugsað til að sýna viðskiptavininum hvernig heimili þeirra gæti verið.“

Caroline segir að hún hafi hitt fyrstu viðskiptavinina á Íslandi þegar hún tók þátt í hönnunarmars sem hún segir að hafi verið gott tækifæri til að mynda tengsl.

„Viðskiptavinirnir geta verið einstaklingar en þeir geta líka verið fyrirtæki. Ég byrja oftast á að heimsækja viðskiptavinina til að



Sýningarrýmið er hugsað til að gefa viðskiptavinum hugmyndir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Í sýningarrýminu má sjá úrval fallegar franskra hönnunar.

Við erum ekki komin komin hingað í stutt stopp. Við viljum vera hér svo lengi sem við erum hamingjusöm.

Caroline Cheron

átta mig á þörfum þeirra og smekk og gera mér grein fyrir rýminu. Ég hanna bæði heimili folks en get líka hannað vinnusvæði eins og til dæmis læknastrafstofur,“ segir hún.

Fjölskyldan gengur fyrir

Benoit eiginmaður Caroline starfar líka í fyrirtækinu en einungis í hlutastarfi. Hann sér um fjármálin en Caroline tekur fram að hann komi ekkert nálægt hönnuninni.



Caroline segir íslendinga opna fyrir nýjungum.



Fjölskyldan heillaðist af landi og þjóð og settist að hér á landi

„Hann vann við fjármálaráðgjöf áður en við fluttum til Íslands. Hann er búin að stofna fjármálaráðgjafar fyrirtæki á Íslandi, X.FIN, og er þegar kominn með viðskiptavinum. En hann vinnur stundum í stúdíóinu þegar ég er þar ekki. Fjölskyldan gengur fyrir og stundum fer ég að gera eitthvað með krökkunum og þá hleypur hann í skarðið.“

Hjónin hafa nýlega fest kaup á húsnæði á Álftanesi og fjölskyldan

er ánægð á Íslandi. „Yngstu dóttur minni fannst þetta svolítið erfitt í fyrstu af því henni fannst hún hafa missti vini sína, en núna eru allir ánægðir. Börnin elska skólann sinn og lífið á Íslandi,“ segir Caroline, en börn þeirra hjóna eru 13, 11 og 9 ára.

„Við erum ekki komin hingað í stutt stopp. Við viljum vera hér svo lengi sem við erum hamingjusöm. Við vonum að það verði í mörg ár.“

17. JÚNÍ

HÁTÍÐ Í KÓPAVOGI



Kópavogsvöllur frá kl. 10:00-11:00

17. júní hlaup fyrir börn í 1.-6. bekk.

Skrúðganga kl. 13:30

Frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Nýstúdent og fjallkona leiða gönguna. Skrúðgangan leggur af stað klukkan 13:30

Útisvæði við Menningarhús Kópavogs frá kl. 14:00-17:00

Ærslabelgurinn, hoppukastalar, Skapandi sumarhópar úr Molanum, Krakkahestar (frá kl. 15), andlitsmálun og fleira. Ratleikur um öll Menningarhúsin, sýningin Útlína í Gerðarsafni, dýr, fiskar og jarðfræði í Náttúrufræðistofu og notalegheit á bókasafninu.

Gerðarsafn og Safnahús Kópavogs verða opin frá kl. 11:00-17:00.

Rútstún og víðar frá kl. 14:00-17:00

Kynnir: Vilhelm Anton Jónsson

Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir

stjórn Jóhanns Björns Ævarssonar

Ávarp bæjarstjóra

Nýstúdent flytur ræðu

Fjallkona flytur ljóð

Ronja ræningjadóttir

Skoppa og Skríttla

Ingó Veðurguð

Sigurvegari söngkeppni Samfés

Sveppi

Jói P og Króli

Svala

Karma Brigade

Götuleikhús Kópavogs verður á flakki með alls kyns sprell. Leiktæki, barnatjald fyrir 0-5 ára, hoppukastalar, veltibíll, andlitsmálun og fleira. Íþrótt- og æskulýðsfélög verða með sölutjöld á Rútstúni. Hjálparsveit skáta í Kópavogi verður við enda Vallargerðisvallar, býður upp á klifurvegg og sýnir tæki og búnað.

Stórtónleikar á Rútstúni hefjast klukkan 19:50

Blóðmör - GDRN - Sísý Ey - Páll Óskar

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning. BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Verð frá 152.000.- kr.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Hjólbarðar



TECHKING VINNUVÉLADEKK

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéla dekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofi. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

Varahlutir



Altenatorar & Startarar



ljosboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárænnslí.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Sláttur, klippingar, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SPÁSÍMINN 9086116.

Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skiptaholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bíl.

Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.

Lager eða geymsla.

Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Óskað er eftir ungrri konu sem gæti veitt konu líðveislur og almenna heimilishjálp tvisvar í viku eða eftir samkomulagi. Vinsamlega hafið samband í s. 618 2027

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirief.is

MORI2A



HENDI

Tools for chefs | 2019




pujadas

A VOLLRATH® COMPANY

PROFESSIONAL COOKWARE



G. BENEDIKT
1882



Lifestyle



G. BENEDIKT
1882



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is




geiri
www.geirief.is



Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

Litlu íbúðirnar
í miðbænum
eru loksins
komnar.



BRYNJUREITUR




SÖLUSÝNING

ÞRIÐJUDAGINN 18.JÚNÍ KL 17-17:30

30 íbúðir frá 29,9 til 34,9 mkr.

6 endaíbúðir með stórum svölum og gólfsíðum gluggum í stofu.

9 þakíbúðir með stórum suðursvölum og stæði í bílageymslu frá 44,9 mkr.



ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

Gunnar Sverrir Harðarson

Löggiltur fasteignasali

Sími 862 2001

gunnar@remax.is

Ástþór Reynir Guðmundsson

Löggiltur fasteignasali

Sími 899 6753

arg@remax.is



RE/MAX

.IS

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1397 Eiríkur af Pommern er krýndur konungur allra Norðurlanda.

1449 Danmörk og England gera með sér samning sem heimilar enskum sjómönnum siglingar til Íslands með sérstöku leyfi Danakonungs.

1596 Willem Barents finnur Svalbarða.

1900 Fyrsta pósthósti með farþega, vörur og póst, er farin á fjórhjóla hestvagni frá Reykjavík austur fyrir fjall.

1907 Stúdentafélagið gengst fyrir því að víða um land er flaggað íslenskum fána, bláum með hvítum krossi. 65 fánar eru við hún í Reykjavík.

1911 Háskóli Íslands er stofnaður og settur í fyrsta sinn. Hann tekur yfir rekstur Prestaskólans, Læknaskólans og Lagaskólans sem um leið eru lagðir niður.

1915 Fyrsta bílprófið er tekið í Reykjavík. Handhafi skírteinis númer 1 er Hafliði Hjartarson trésmiður, 28 ára.

1917 Nokkur félagsamtök halda samsæti í Reykjavík til heiðurs Stephani G. Stephanssyni skáldi, sem staddur er á Íslandi í fyrsta sinn frá því að hann kvaddi landið tvítugur að aldri 1873.

1925 Á Ísafirði er tekið í notkun nýtt sjúkrahús sem talið er hið fullkomnasta á Íslandi.

1926 Björg Karítas Þorlákssdóttir verður fyrst íslenskra kvenna til að ljúka doktorsprófi er hún ver doktorsritgerð sína við Sorbonne-háskóla í París.

1926 Melavöllurinn í Reykjavík er vígður eftir flutning.

1940 Þrjú bátar koma frá Noregi til Austfjarða með 59 norska flóttamenn um borð.

1941 Sveinn Björnsson er kjörinn ríkisstjóri Íslands af Alþingi, en hann hafði verið sendiherra landsins í Kaupmannahöfn í tvo áratugi.

1944 Íslenska lýðveldið er stofnað á Þingvöllum og jafnframt er fyrsta stjórnarskrá lýðveldisins staðfest. Einnig er Sveinn Björnsson ríkisstjóri kjörinn fyrsti forseti lýðveldisins. Síðan þá hefur dagurinn verið þjóðhátíðardagur Íslands.

1945 Minningarskjöldur er afhjúpaður á húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn.

1947 Fyrsta millilandaflugvél í íslenskri eigu kemur til landsins. Það er Skymaster-flugvélin Hekla í eigu Loftleiða.

1959 Íþróttavöllurinn í Laugardal er formlega vígður en hafði verið í notkun í tvö ár.

1959 Menn sleppa naumlega er varnargarður brestur á virkjunarsvæðinu við Sog.

1969 Aldarfjórðungsafmæli lýðveldisins er fagnað í mikilli rigningu.



1974 Á Kirkjubæjarklaustri er vígð kappella til minningar um Jón Steingrímsson eldklerk.

1975 Sumar á Sýrlandi, fyrsta plata Stuðmanna, kemur út.

1977 Höggmyndin Alda aldanna eftir Einar Jónsson myndhöggvara frá Galtafelli í Hrunamannahreppi er afhjúpuð á Flúðum.

1980 Ísbjarnarblús, fyrsta plata Bubba Morthens, kemur út.

1982 Þriðja skipið með nafnið Akraborg kemur til landsins til siglinga á milli Reykjavíkur og Akraness.

1985 Í Vestmannaeyjum er afhjúpuð höggmynd til minningar um Guðriði Símonardóttur, Tyrkja-Guðdu.

1994 50 ára afmæli Lýðveldisins Íslands er fagnað á Þingvöllum af miklu fjölmenni.

1994 Jóhanna Sigurðardóttir leggur grunn að stjórnmalaflokknum Þjóðvaka með orðunum „Minn tími mun koma“.

2000 Jarðskjálfti, 6,5 stig á Richter, skekur Suðurland.

2004 Sundlaugin á Hólumvík er tekin í notkun.

2006 Íslenska landsliðið í handbolta vinnur sér þátttökurétt á HM í Þýskalandi 2007 með því að sigra Svía í Laugar-dalshöllinni með samanlagt þriggja marka mun.



Haraldur Ingi með drekkhlaðinn bílinn á leið til Hrafnseyrar til fundar við Jón.

Samtal við Jón forseta

Haraldur Ingi Haraldsson opnar myndlistarsýninguna Sjáðu Jón á æskuheimili Jóns Sigurðssonar, á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Sýningin er liður í hátíðahöldum þar.

Sýningin mín er bæði broddótt og hornótt,“ byrjar Haraldur Ingi Haraldsson myndlistarmaður þegar í hann næst (í gær). Hann er á leiðinni frá Akureyri vestur í Arnarfjörð, nánar tiltekið til Hrafnseyrar, með fullan bíl af myndum til að setja upp á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar forseta, fyrir afmælið hans, 17. júní.

Haraldur Ingi nefnir sýninguna Sjáðu Jón. En hvað vakir fyrir honum? „Ég er að fara alla þessa leið til að leita Jón Sigurðsson, sjálfstæðishetju okkar Íslendinga, uppi og eiga við hann samtal. Ég byrja það um leið og ég stíg á hina helgu jörð á Hrafnseyri. Drif upp sýningu með myndum sem ég gerði fyrir Jón og textum líka þar sem ég tala við hann. Textinn við hverja seríu hefst á ávarpinu Sjáðu Jón, og svo kemur málsgrein í framhaldinu. Þar tala ég í stuttu máli við Jón forseta og útskýri það sem ég er að gera og hvernig ástandið er á Íslandi í dag. Í lokin velti ég svo upp spurningunni: Er kominn tími á nýja sjálfstæðisbaráttu?“

Haraldur Ingi kveðst hlakka mikið til að eiga þetta samtal við hann Jón. „Það er margt sem gerðist í okkar sjálfstæðisbaráttu sem á sér samhljóð og spegil í deginum í dag. Þeir sem þekkja söguna víta um hörmungaratímann sem var miðlægur í sjálfstæðisbaráttunni á sínum tíma og mikið var talað um. Hvernig landið var rænt af erlendum kaupmönnum. Núna býst ég við að það fari enn meiri auður úr landinu í gegnum erlenda auðhringi og íslenska yfirstétt sem geymir gullsjóði sína í skattaskjólum í gegnum reglur sem eru settar af okkar glæsilegu foringjum sem sitja á Alþingi.“

Sýningin Sjáðu Jón samanstendur af hlutum úr þremur myndröðum sem Haraldur Ingi kveðst hafa gert á árunum 2015 til 2019 en ekki áður sýnt opinberlega. Sú fyrsta nefnist Rat Race og snýst um hið þrotlausa kapphlaup þar sem allir berjast við alla til sigurs



Þessi er úr myndröðinni Rat Race.

en enginn verður sigurvegari. Þar eru akrylmálverk á grafiska filmu.

Annar hluti er úr myndröðinni Kredda, vatnslitamyndir og þrykk á pappír. Myndlistarmaðurinn útskýrir hana svo: „Fátt er mansandanum hættulegra en kredda þar sem hugurinn er fangi í örmáu buri og allri reynslu og túlkunum er troðið þar inn. Samfélag okkar, bæði efnahagslega og félagslega, er helsjúkt af kreddu.“

Þriðji hlutinn er kynning á nýrri framleiðslunni á matvælasviði, Excel-fæði. „Fólki er breytt í tölur og það er bæði edlilegt og rökrétt að það fólk éti tölur. Þetta er ekkert minna en bylting og leysir til dæmis á svipstundu þann mikla vanda sem að stjórnvöldum steðjar vegna aldraðra og öryrkja,“ útskýrir Haraldur Ingi. Hann telur að gaman verði að ræða við Jón um mörg málefni. Hefur meira að segja von um góð ráð frá honum. „Ég er svo óskaplega bjartsýnn maður og held að leiðin liggja alltaf framávið til skilnings og betri tíma.“ Sýningin stendur fram til 8. september.

gun@frettabladid.is



Hrafnseyri, þar sem Jón Sigurðsson fæddist 1811. MYND/JÓN SIGURÐUR

17. júní hátíðardagskrá á Hrafnseyri 2019

Kl. 13 - 13.45 Hátíðarguðþjónusta: sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir Þingeyrarprestakalli þjónar fyrir altari og sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti prédikar. Um undirleik sér Jón Gunnar Biering Margeirsson.

14.15 Setning Þjóðhátíðar. **Tónlist:** Jón Gunnar Biering Margeirsson. **Hátíðarræða:** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra. Vefsíðan Sagnabrunnur Vestfjarða verður kynntur: Kjartan Ólafsson.

Kl. 15 Háskólahátíð í tilefni útskriftar vestfirskra háskólanemenda. Kynnir á hátíðinni er prófessor Guðmundur Hálfðanarson. Opnun myndlistarsýningar sumarsins eftir Harald Inga Haraldsson. Börn geta farið á hestbak undir leiðsögn.

Kaffi og afmælisterta í boði Hrafnseyrar verður á meðan á dagskrá stendur fram til kl. 17. Einnig er hægt að kaupa súpu með brauði.

SÚKKULAÐI HEFUR ALDREI
BRAGÐAST BETUR



GODIVA®
Belgium 1926

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur



17 | 3
°C | °C



9 | 7
°C | °C



6 | 6
°C | °C



9 | 3
°C | °C



9 | 5
°C | °C



11 | 6
°C | °C

Gengur í norðan 5-13 m/s. Skýjað og úrkomulítið norðan- og austanlands, hiti 7 til 13 stig. Þjart að mestu um landið suðvestanvert með hita að 20 stigum. Víða rigning eða skúrir undir kvöld, en áfram þurr vestanlands. Kólnandi veður, fyrst norðanlands.

Þriðjudagur



11 | 8
°C | °C



6 | 5
°C | °C



3 | 7
°C | °C



9 | 4
°C | °C



5 | 6
°C | °C



2 | 10
°C | °C

Miðvikudagur



9 | 6
°C | °C



5 | 3
°C | °C



6 | 4
°C | °C



10 | 2
°C | °C



5 | 3
°C | °C



2 | 6
°C | °C

LÉTT

3	2	9			7	5
6			7	5	3	
	7	9	1	6		
			9			6
9	3	6			2	
	8	1	5		3	
	5		2	9		7
8			6	4		2
					1	4

MIDLUNGS

3	6	8		7				2
				5	2	6		8
	4	5			1			3
				6			8	
				1	5			
		7	2	9			3	
		9		7				
		4	3	5		2	7	
8				2				

PUNG

		6		2				8
		5				9		
	8		3				4	
	4	8	7				6	3
			2					1
					6		8	
2	3	5						4
			7					2
1		9						

Krossgáta

LÁRÉTT

- Nart
- Prís
- Hróp
- Líflát
- Samtök
- Vefur
- Brak
- Ríki í Arabíu
- Fíkniefni
- Tapa

LÓDRÉTT

- Sígilt
- Birta
- Tíðum
- Spil
- Skothylki
- Ávöxtur
- Jafnoki
- Borg
- Freri

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				


LÁRÉTT: 1. kropp, 5. loft, 6. óp, 8. áttaka, 10. sa, 11. rét, 12. mar, 13. íran, 15. kókaín, 17. missa. LÓDRÉTT: 1. klassik, 2. tofa, 3. oft, 4. póker, 7. pat-róna, 9. ananas, 12. mák, 14. róm, 16. ís.

Skák Gunnar Björnsson

Simagin átti leik gegn Aronin í Moskvu árið 1947.

1. Hxb7! e4! (1...Dxd1 2. Bg6#). 2. Dxa4+ Bxh2 1/2-1/2. Aleksandra Goryachkina hafði tryggt sér sigur á áskorendamóti kvenna þegar tveim umferðum var ólokið. Hún mætir Ju Wenjun í heimsmeistaravígum á komandi mánuðum. Í dag fer fram Þjóðhátíðarmót Hróksins og Kalaks í Pakk-húsinu.

www.skak.is: Þjóðhátíðarmótið.



Hvítur á leik

2	3	8	5	6	1	9	7	4
9	4	6	7	2	8	5	3	1
7	5	1	9	3	4	6	2	8
3	1	9	4	5	6	7	8	2
4	7	5	2	8	3	1	9	6
6	8	2	1	7	9	3	4	5
5	9	3	6	4	2	8	1	7
8	6	4	3	1	7	2	5	9
1	2	7	8	9	5	4	6	3

2	9	5	8	1	6	3	4	7
7	1	8	9	4	3	6	2	5
3	4	6	2	7	5	8	9	1
5	7	4	1	8	2	9	3	6
8	6	9	3	5	4	7	1	2
1	2	3	6	9	7	4	5	8
6	5	7	4	2	9	1	8	3
9	3	1	5	6	8	2	7	4
4	8	2	7	3	1	5	6	9


3	9	5	4	1	6	7	2	8
8	4	2	7	9	3	6	1	5
1	6	7	8	2	5	9	3	4
9	2	3	1	7	4	8	5	6
4	8	6	9	5	2	1	7	3
5	7	1	3	6	8	2	4	9
6	5	4	2	8	7	3	9	1
2	1	8	5	3	9	4	6	7
7	3	9	6	4	1	5	8	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Verðlækkun!

Öll rúnstycki á 99 kr.

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

www.bjornsbakari.is

Iðin við að skapa verkefni

Ingibjörg Elsa Turchi hlaut viðurkenningu úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara. Segir eigin tónlist og tónlistarflutning eiga hug sinn allan

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Ingibjörg Elsa Turchi, bassaleikari og tónsmiður, hlaut síðastliðinn sunnudag viðurkenningu úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara. Minningarsjóðurinn var stofnaður af ættingjum, vinum og samstarfsmönnum eftir að hann lést árið 2002 tæplega þrítugur að aldri. Minningarsjóðnum er ætlað að verðlauna efnilega tónlistarmenn og afreksfólk í tónlist.

„Þetta kom mér á óvart og er mikill heiður. Það er frábært að hafa orðið fyrir valinu og gerir mér kleift að vinna markvisst að mínum næstu verkefnum,“ segir Ingibjörg sem er þrítug og hefur undanfarin ár verið gríðarlega afkastamikil í íslensku tónlistarlífi. Verkefni sem hún hefur tekið þátt í eru fjölbreytt og mætti þar helst nefna samstarf við Stuðmenn, Bubba Morthens, Teit Magnússon og Soffiu Björgu. Hún var meðlimur í hljómsveitinni sem flutti tónlistina í Ronju ræningjadóttur í Þjóðleikhúsinu og hefur komið fram með hljómsveit sem flytur hennar eigið efni og tekið þátt í myndlistarsýningum og ýmsum grasrótartengdum verkefnum.

Heillaðist af bassanum

„Þetta byrjaði allt saman þegar ég var í hljómsveitinni Rökkurró



„Þetta er mikill heiður,“ segir Ingibjörg um viðurkenninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÞAD ER FRÁBÆRT AÐ Hafa ORÐIÐ Fyrir VALINU OG GERIR MÉR KLEIFT AÐ VINNA MARKVISST AÐ MÍNUM NÆSTU VERKEFNUM.

í MR og hefur þróast síðan þá. Ég hef verið dugleg að stökkva á tækifæri sem hafa boðið og spilað með öðrum tónlistarmönnum allt frá upphafi og margt hefur einnig komið upp í hendurnar á mér. Ég hef líka verið iðin við að skapa mér ýmis verkefni sjálf með frábæru tónlistarfólki,“ segir Ingibjörg. Hún lærði sem barn og unglingur á flautu, harmóniku, gítar og píanó en kynntist síðan bassanum og lærði síðar í FÍH. „Mig langaði til að prófa bassann og heillaðist af honum, mér fannst hann smellpassa við mig. Þetta er hljóðfæri með marga möguleika og það er hægt að gera svo mikið við það.“

Ingibjörg sinnir kennslu og umsjón í samtökunum Stelpur rokka! og hefur verið frá stofnun þess hér á landi árið 2012. „Tilgangurinn var að reyna meðal annars að jafna kynjahallann í tónlistarheiminum. Þar hafa fyrirmyndirnar ekki oft verið sýnilegar og þá finnst stelpum eins og þær eigi ekki erindi og geti ekki fengið hljómgrunn. Það eru sjö ár síðan Stelpur rokka! varð til og starfið hefur vaxið mjög mikið á þessum árum sem er frábært.“

Stefnir á plötu

Árið 2017 gaf Ingibjörg út plötuna Wood/work sem kom út á vegum SMIT-records. Einnig er hún að læra

tónsmíðar í Listaháskóla Íslands. „Ég stefni á að klára námið næsta vor og er líka í rytmísku kennarnámi samhliða, svo ætla ég að halda áfram að þróa efnið mitt, gera plötu og halda tónleika.“

Ingibjörg er með BA-próf í latínu og forngrísku frá Háskóla Íslands. „Ég var á fornmalabraut í MR og þar sem tungumál liggja vel fyrir mér og mér þykja þau skemmtileg ákvað ég að læra meira. Eftir námið kenndi ég grísku í MR og hef fengið við þýðingar. Gríska heimspekin hefur heillað mig og svo hef ég verið að stúdera forngríska tónlist. Nú er það samt eigin tónlist og tónlistarflutningur sem á hug minn allan.“

**Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Mánudagur**

hvar@frettabladid.is

17. JÚNÍ 2019

Þjóðhátíð

Hvað? 17. júní á Seltjarnarnesi
Hvenær? 10-16.30

Hvar? Smábátahöfnin, kirkjan, Bakkagarður, Félagsheimilið Börnum í fylgd með fullorðnum verður boðið upp á bátsferðir frá Bakkavör klukkan 10. Hátíðarguðsþjónusta verður í Seltjarnarneskirkju klukkan 11 og boðið upp á kaffiveitingar í Þjóðhátíðarstil eftir messu. Skrúðganga klukkan 12.45 frá Leikskóla Seltjarnarness yfir í Bakkagarð með lúdrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness, trúðar, stultufólk og fánaberar í broddi fylkingar. Dagskrúin í Bakkagarði hefst klukkan 13 og vöflusala verður í Félagsheimilinu frá klukkan 15. Hátíðin er fyrir alla fjölskylduna og frítt í alla skemmtun og leiktæki.



Briet, söngkona ársins og bjartastavonin 2019, kemur fram í Bakkagarði á Seltjarnarnesi.

Hvað? 17. júní í Reykjavík
Hvenær? 11-17

Hvar? Miðborgin Sérstakur blær verður á hátíðahöldunum í Reykjavík í tilefni af 75 ára afmæli Lýðveldisins. Þau hefjast á Austurvelli að venju en klukkan 14 býður Þjóðminjasafnið til stofu. Þá opnar Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningar- málaráðherra, nýtt rými fyrir börn og fjölskyldur, skólahópa og alla forvitna gesti. Stofan breytist eftir þörfum úr stofu í baðstofu, rannsóknarstofu eða



Þjóðbúningar og aldnir eðalvagnar setja svip á daginn í Árbæjarsafni.

kennslustofu og í skápum og skúffum hennar er úrval forngrípa úr forum safnsins.

Hvað? Þjóðhátíðargleði
Hvenær? 13-16

Hvar? Árbæjarsafn Dagurinn verður tileinkaður þjóðbúningum og gestir eru hvattir til að mæta í eigin búningum, hverrar þjóðar sem er. Fjallkonu safnsins verður skautað klukkan 14. Meðlimir Fornbála-

klúbbsins verða á svæðinu með eðalvagna sína og harmónikutónar hljóma um svæðið í bland við lokkandi lummuilm úr eldhúsinu í gamla Árbænum.

Hvað? Fatahönnuður flytur inn
Hvenær? 14-17

Hvar? Hönnunarsafnið, Garðatorgi Signý Þórhalladóttir kemur sér fyrir með vinnuádstöðu í safnbúðinni og mun halda áfram að þróa vörulínu sína MORRA.

Hvað? Hátíðatónleikar Salon Íslandus kvartetts og Hönnu Dóru

Hvenær? 20

Hvar? Kirkjuvoll, safnaðarheimili Vídalínskirkju Garðabæ Salon Íslandus kvartettt og Hanna Dóra Sturladóttir koma fram á hátíðatónleikum. Efnisskráin skartar Vínartónlist í bland við þekktu íslenska og erlenda slagara. Sólónúmer Sigrúnar Eðvalds verður á sínum stað. Allir eru velkomnir.

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

08.00 KrakkaRÚV
08.01 Hruturinn Hreinn
08.08 Lalli
08.15 Tulipop
08.18 Rán og Sævar
08.29 Hæ Sámur
08.36 Húrra fyrir Kela
09.00 Kata og Mummi
09.11 Alvin og íkornarnir
09.22 Konráð og Baldur
09.35 Eysteinn og Salóme
09.48 Lóa
10.00 Palli var einn í heiminum
10.25 Refurinn
11.00 Hátíðarstund á Austurvelli
 Bein útsending frá Austurvelli í Reykjavík þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flytur ávarp.
11.35 Þingfundur ungmenna
 Bein útsending frá þingfundi ungmenna í tilefni af 75 ára afmæli lýðveldisins. Markmiðið með fundinum er að gefa ungu fólki á aldrinum 13-16 ára kost á að kynna sér störf Alþingis og tækifæri til að koma málefnum sem á þeim brenna á framfæri við ráðamenn þjóðarinnar. Stjórn útsendingar: Ragnar Santos.
13.00 Þingvellir - Þjóðgarður á heimsminjaskrá
 Heimildarmynd um þjóðgarðinn á Þingvöllum sem er fyrsti þjóðgarður Íslendinga og skipar háan sess í hugum landsmanna, enda samofinn sögu þjóðarinnar. e.
13.50 Emiliana Torrini og Sinfó
15.50 Kína - Spánn HM kvenna í fótbolta
 Bein útsending frá leik á HM kvenna í fótbolta.
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Lalli
18.08 Minnsti maður í heimi
18.09 Simon
18.14 Refurinn Pablo
18.19 Klaufabárðarnir
18.27 Klingjur
18.38 Móí
18.50 Vísindahorn Ævars
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Ávarp forsætisráðherra
 Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flytur ávarp.
20.05 Fótspor
 Íslensk stuttmynd um vanafastan og heimakæran eldri mann sem neyðist til að fara út fyrir þægindarmann þegar barnabarn hans kemur í heimsókn og heimtar að spila fótbolta við afa sinn. Á vellinum gerir aldursmunurinn fljótt vart við sig þar sem gamli maðurinn er ekki jafn frá á fæti og sá ungi.
20.25 Með allt á hreinu
22.10 Undir trénu
23.35 Afmælistónleikar Magnúsar Eiríkssonar
00.50 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 The Good Place
13.30 Superstore
13.50 Will and Grace
14.15 Crazy Ex-Girlfriend
15.00 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Rel
20.10 Top Chef
21.00 Hawaii Five-0
21.50 MacGyver
22.35 Shades of Blue
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. Los Angeles
02.20 For the People
03.05 Star
03.50 Heathers

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Nú er ei hugurinn heima
 Um Stefán Ólafsson í Vallanesi
08.00 Morgunfréttir
08.05 Tónlist að morgni
09.00 Fréttir
09.05 Visa skrifuð á visið rósblað
10.00 Frá þjóðhátíð í Reykjavík
12.00 Hádegisútsvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
13.00 Í minningu Atla Heimis Sveinssonar
14.00 Heima að heiman
15.00 Heiðursverðlaunahafi Grímunnar
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Penni Jóns Sigurðssonar
17.00 Maxi fer á fjöll
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Blásið í hornin
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Mitt bláa hjarta
19.55 Í Álfstaveri
20.50 Frakkneskir fiskimenn
21.30 Kvöldsagan. Ósjálfrátt
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Nú förum við í okkar finasta þúss
23.00 Brennið þið vitar
00.00 Fréttir
00.05 Næturútsvarp Rásar 1

STÖÐ 2

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.45 Lego Ninjago myndin
09.25 Open Season. Scared Silly
10.50 The Swan Princess. A Royal Myztery
12.10 The Simpsons
12.35 The Great British Bake Off
13.35 The Middle
13.55 The X-Factor
14.40 The X-Factor
16.05 The X-Factor
16.55 The Big Bang Theory
17.15 Lóa Pind. Bara geðveik
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.50 Sportpakinn
 Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.00 Veður
19.05 The Mindy Project
19.30 Grand Designs Australia
20.25 Blóðberg
 Gamansöm mynd með alvarlegum undirtón um venjulegt fólk í óvenjulegum aðstæðum. Sagan segir af hefðbundinni íslenskri fjölskyldu í úthverfi Reykjavíkur. Fjölskyldufaðirinn bjargar samlöndum sínum með skrifum á sjálfshjálparbókum á meðan móðirin starfar sem hjúkrunarfræðingur og bjargar fólki á spítalanum þar sem hún vinnur. En hvorugt þeirra hefur kjark til að bjarga sjálfu sér. Undir óaðfinnlegu yfirboðinu liggur gamalt leyndarmál sem einn daginn bankar uppá. Og þá breytist allt.
22.15 Fullir vasar
23.55 Svartur á leik
01.40 60 Minutes
02.25 Blindspot
 Fjórða þáttaröð þessara spennandi þátta um Jane, unga konu sem fannst á Times Square þar sem hún var algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er vísbending um glæp sem þarf að leysa.
03.10 Nashville
 Sjötta þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjallar um lífið í kántriheiminum þar sem samkeppnin er afar hörð.
03.55 Nashville
04.40 Nashville

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Bob's Burger
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Who Do You Think You Are?
21.35 Wrecked
22.00 Empire
22.45 The Hundred
23.30 Supernatural
00.15 Modern Family
 Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútíma-fjölskyldna. Í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.
00.40 Seinfeld

STÖÐ 2 SPORT

11.45 Afturelding - Haukar
 Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
13.25 IA - KR
 Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
15.05 Pepsi Max Mörk karla
18.15 Shaq'tin a Fool. Old School
 Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.
18.40 Undankeppni EM 2020 - Markaður

STÖÐ 2 BÍÓ

11.35 Matilda
13.15 Going in Style
14.50 Rachel Getting Married
16.45 Matilda
18.25 Going in Style
20.05 Rachel Getting Married
22.00 Spider-Man. Homecoming
00.10 Father Figures
02.05 The Lost City of Z
04.25 Spider-Man. Homecoming
 Peter Parker nýtur lífsins með hina nýfundnu hæfileika sína sem gera hann að kóngulóarmanninum. En alvaran er skammt undan og spurningin er hvort Peter hafi í raun það sem þarf til að takast á við glæpamenn New York-borgar.

GOLFSTÖÐIN

08.00 Meijer Classic
 Útsending frá lokadegi Meijer Classic á LPGMótardöðinni.
11.00 Golfing World
 Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
11.50 US Open
 Útsending frá lokadegi US Open 2019.
19.20 Golfing World
 Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
20.10 Meijer Classic
 Útsending frá lokadegi Meijer Classic á LPGMótardöðinni.
23.10 Champions Tour Highlights
 Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió FM 90,9 Gullbylgjan FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 102,9 Lindin
 FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1 FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 90,1 Rás 2 FM 95,7 FM957 FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100

Tannlækningar í Ungverjalandi
 Sparaðu allt að 50-70%!



Fyrir
 Eftir

Hafðu samband:
 + 36 70 942 9573 info@fedaszdental.hu
 www.tannlaeknathjonusta.is

ALLT fyrir listamanninn



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
 Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
 MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

ÚTILJÓSAÐAGAR

50% afsláttur á völdum útiljósum



RAFVÖRU MARKAÐURINN
 Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | Sími: 585 2888



HÚSASMÍÐJAN

blómaval



HITABYLGJA

OPIÐ 17. JÚNÍ Í SKÚTUVOGI

KL. 11-18



20-30% afsláttur

Sumarblóm **-20-30%** • Pallaolía **-20%** • Black+Decker garðverkfæri **-20%**

Tré og runnar **-20%** • Texas sláttuvélar **-25%** • Reiðhjól **-20%**

Fiskars garðverkfæri **-20%** • Nilfisk háprýstidælur **-20-30%**

LADY innimálning **-25%** • Claber slöngur og garðvörur **-25-30%**

Avasco hillurekkar **-20%** • ALKO sláttuvélar **-20%** • Jumbo tröppur og stigar **-20%**

TAX FREE af öllu pallaefni ... auk **hundruð** annarra sumartilboða

Birt með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum.

-44%

Sólboði

990kr

1.790kr



-50%

Sýpris

Leirpottur fylgir ekki.

999kr

1.990kr



-50%

Thuja

Leirpottur fylgir ekki.

999kr

1.990kr



Stjúpur
10 stk.

990kr

Lægsta lága verð Blómavals





Álfheiður Björg, Sýlvía, Sigurrós Eir, Sandra Sif, Jóhanna Ósk og Guðbjörg Helga tylltu sér niður fyrir utan kaffihús við Austurvöllinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sól og blíða við Austurvöll

Síðustu vikur hefur kærkomin sól leikið við okkur Íslendinga og Austurvöllur verið þéttsetinn þegar blíðan er sem mest. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af fólki sem var að spóka sig nú í gær í miðbænum í fallega veðrinu.



Magnea, Lilja og Eyrún brostu sínu blíðasta í sólinni.



Björgvin Pétur og Unnur Hlíðberg sátu við Austurvöll.



Anný, Karen Erla, Amelia Ýr og Einar Orri slókuðu á í sólinni.



Íris Hrund og Elías Celeste höfðu það huggulegt í miðbæ Reykjavíkur í gær og létu fara vel um sig.



OPEL

AMPERA-E

LOKSINS!

100% rafmagnsbíll sem heldur ekki aftur af þér

ALLT AÐ 500 KM Á EINNI HLEÐSLU*



8 ára ábyrgð

Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni

Á RAFHLÖÐUM OG MÓTOR

Margfaldur verðlaunabíll

Rafmagnsmótor	150 kW	Drægni	500 km*
Hestöfl	204	Tog	360 Nm
Hröðun 0-100	7,3 sek.	CO ₂	0
10,2" snertiskjár með Intellilink margmiðlunarkerfi			
8" stafrænn litaskjár í mælaborði			
Bakkmyndavél með 360° sjónarhorni			
Þráðlaus hleðsla fyrir snjallsíma			
Yfir 100 km drægni með 30 mín. hleðslu			
Sjá meira á opel.is			

TIL AFHENDINGAR Í JÚLÍ

Verð 5.590.000 kr.**

Forsala er hafin á opel.is

*Sjá reiknivél á ampera-e.opel.is

**Verð miðast við gengi 31. maí 2019

Nánari upplýsingar á opel.is

Opnunartímar
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16





Gleðin var haldin á Vinnustofu Kjarvals. MYNDIR/MARÍA GUÐRÚN RÚNARSDÓTTIR

Meirihluti borgarstjórnar fagnar árs afmæli

Margt var um manninn á Vinnustofu Kjarvals við Austurvöll þar sem meirihlutinn í Reykjavík fagnaði eins árs afmæli. Afmælið var haldið laugardaginn 15. júní en meirihlutasamstarf Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fór formlega af stað 12. júní 2018 í kjölfar borgarstjórnarkosninga. Stormasamt hefur verið í borgarstjórn á þessu fyrsta ári nýs meirihluta og þótti flokkunum afmælið ærið til efni til að þakka sínu fólki fyrir stuðninginn. Ekki var annað að sjá en fólk skemmti sér vel í partíinu og nyti útsýnisins yfir miðborgina sem skartar sínu allra fegursta eftir blíðviðri síðustu vikna. Oddvitar flokkanna léku á als oddi og þökkuðu sínu fólki innilega fyrir vel unnin störf og kærkominn stuðning.



Veðrið var fallett á laugardaginn þegar meirihluti borgarstjórnar fagnaði árs samstarfi.



Sumarlegar á fögnuði meirihlutans.



Það var líf og fjör á Vinnustofu Kjarvals á laugardaginn.



Sællegar á laugardaginn á Vinnustofu Kjarvals

ÍSLENSKT – GJÖRIÐ SVO VEL

Sérblað um íslenska framleiðslu og hönnun
laugardaginn 22. júní.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.

Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins
á netfanginu serblod@frettabladid.is

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jóhann Waage, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550-5656 / 821-2778 – johannwaage@frettabladid.is

ÍSLENSKT
gjöríð svo vel

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



ÍSLENSKT
gjörir svo vel



Íslensk húsgögn



AGUSTAV



AXIS



RANDM^{ARK}



Vegur íslenskrar húsgagnaframleiðslu hefur vaxið að undanfögnu, enda einkennist hönnun húsgagnanna af listfengi og framsækni og smíði þeirra af fagmennsku. Þegar ný hönnun og gott handverk fara saman tekst að skapa verðmæti. Við erum stolt af því sem er hannað og framleitt hér á landi.

25 ára 1994 2019 **SI** Samtök iðnaðarins

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Torg. ehf



BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur



Tímasóun

Karoshi er þekkt fyrirbæri í Japan þar sem fólk deyr skýndilega eftir að ofkeyra sig í vinnu. Dánarorsök er venjulega hjartaáfall eða heilablóðfall af völdum streitu. Stundum sjálfsvíg.

Í vikunni var greint frá íslenskrari rannsókn þar sem kom í ljós að unglingar eru svefnvana, þreyttir og undir of miklu álagi. Íþróttir eru seint að kvöldi, skjánotkun eftirlitslaus og þeir telja sig vera að sóa tíma sé ekki nóg fyrir stafni haft. Þetta er ekki fyrsta rannsóknin sem sýnir að börnin okkar eru á hraðri leið inn í heim streitu og vanlíðanar.

Leið til betri vegar er í sjónmáli. Þau nefna dæmi eins og að hafa íþróttaiðkun fyrr á daginn. Það er vel þekkt í svefnvísindum að eitt mikilvægasta svefnráðið er einmitt að stunda líkamsrækt fyrir kvöldmatartíma því æfing seint að kvöldi getur seinkað lífklukkunni og skert svefngæði. Þegar þau segjast vera eftirlitslaus og gleyma sér í símanum eru þau að senda skilaboð um að þau þurfi aðhald. Blátt ljós frá skjáum seint að kvöldi seinkar enn frekar lífklukkunni (sem er þegar seinkuð hjá unglingum) og skerðir svefn.

Hér er gott að minna á orð Ólafs Þórs Ævarssonar geðlæknis hjá Streituskólanum: „Allir upplifa streitu og hún lagast ef maður hvílir. Hvíldin byggir upp heilann og styrkir okkur og ver okkur gegn álaginu.“

Hvaðan atli börnin okkar fái þá hugmynd að það sé slæmt að vera ekki með mikið skipulag og mikið að gera, það sé sóun á tíma? Þau eiga alla sína ævi fram undan og orðið tímasóun skýtur því skökku við. Við sem foreldrar og samfélag þurfum að finna börnunum betri farveg með svefn og slökun innanborðs.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

TORTILLA OG GOS* COMBO VERÐ: 499 KR



*0.5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO



Hafðu það frítt í sumar!

Sæktu Nova appið og fáðu Frítt stöff og sjóðandi heit 2f1 tilboð, sem léttu þér lífið í allt sumar.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA